



Íþróttabandalag Akraness

Stofnað 1946

Ársskýrsla 2020



77. ársþing 2021

Skýrsla framkvæmdastjórnar ÍA starfsárið 2020

Framkvæmdastjórn ÍA árið 2020 skipuðu:

Formaður:	Marella Steinsdóttir
Varaformaður:	Hörður Ó. Helgason
Meðstjórnendur:	Hrönn Ríkharðsdóttir, Gísli Karlsson, Erla Ösp Lárusdóttir
Varamenn:	Líf Lárusdóttir og Trausti Gylfason.



Starfsmenn ÍA 2020:

Berglind Björgvinsdóttir

Gunnlaugur Sölvason

Guðmunda Ólafsdóttir tók við starfi í ágúst 2020

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir lét af störfum ágúst 2020.

Petrea Emilía Pétursdóttir

Formenn aðildarféлага ÍA árið 2020 voru:

Brynja Kolbrún Pétursdóttir formaður Badmintonfélags ÍA
Valgerður Ása Kristjánsdóttir formaður Blakfélagsins Bresa
Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir formaður Fimleikafélags Akraness
Pétur Ottesen formaður Golfklúbbsins Leynis
Fjóla Lind formaður Hestamannafélagsins Dreyra
Steinunn Inga Sigurðardóttir formaður Hnefaleikafélags Akraness
Sigurlaug Njarðardóttir formaður Íþróttafélagsins Þjóts
Gyða Einarsdóttir formaður Karatefélags Akraness
Einar Jóel Ingólfsson formaður Keilufélags Akraness
Kjartan S Þorsteinsson formaður Klifurfélags ÍA
Magnús Guðmundsson formaður Knattspyrnufélags ÍA
Sveinbjörn Hlöðversson formaður Knattspyrnufélagsins Kára
Einar Örn Guðnason formaður Kraftlyftingafélags Akraness
Jón Þór Þórðarson formaður Körfuknattleiksfélags ÍA
Guðmundur Benediktsson formaður Sigurfara - siglingafélags Akraness
Anna Bjarnadóttir formaður Umf. Skipaskaga
Guðrún Hjaltalín formaður Skotfélags Akraness
Ágúst Júlíusson formaður Sundfélags Akraness
Jóhann Pétur Hilmarsson formaður Vélhjólaiþróttafélags Akraness



Ávarp formanns



Fjöldi fólks leggur íþróttahreyfingunni lið með því að sinna sjálfböðastörfum svo sem að sitja í stjórnnum, nefndum, ráðum eða ýmsum vinnuhópum. Sjálfböðaliðar taka þátt í foreldrastarfi, hjálpa til við framkvæmd móta, leikja eða annarra viðburða. Þetta framlag er ekki sjálfgefið, og innan ÍA má ætla að sjálfböðaliðar vinni yfir 10.000 tíma á ári. Það er dýrmæt auðlind sem oft er tekið sem sjálfsögðum hlut.

Það er vitað mál að hverskonar sjálfböðavinna hefur jákvæð keðjuáhrif, hún styrkir samband milli foreldra, þjálfara, iðkenda og stjórnarmanna í félaginu og fullnægir þannig ýmsum félagslegum þörfum fólks á sama tíma og það hjálpar sínu félagi að ná settum markmiðum íþróttarinnar. Jafnframt gefur þátttaka í sjálfböðaliðastarfi tækifæri til að læra leikreglur, hvernig rekstur félagasamtaka gengur fyrir sig og almenn félagsstörf. Þó eru sennilegast mikilvægustu áhrifin þau að þátttaka og stuðningur foreldra og forráðamanna auka líkur á að barnið haldi áfram að stunda íþróttir. Það hefur fyrir löngu verið sannað að heilbriggt og gott félagslegt uppeldi barna og unglinga sé lykillinn að góðu samfélagi fyrir okkur öll.

Eðli sjálfböðaliðastarfsins hefur hins vegar verið að breytast á undanförunum árum. Sviðsmyndin breytist hratt og sjálfböðaliðastörf eiga undir högg að sækja, samkeppni um tíma fólks er meiri í dag en áður var, fólk forgnagsraðar frítíma sínum öðruvísi og oftast en ekki fellur sjálfböðaliðastarfið fyrir utan þá röð. Einnig hefur krafan um fagmennsku, uppeldisþekkingu og ýmskonar aðra sérþekkingu innan íþróttahreyfingarinnar gert að það verkum að færri störf verða fyrir valinu þar sem ábyrgðin er oft meiri en fólk er til í eða hefur tök á, sem hefur í för með sér meiri kostnað fyrir félögin. Fjármálaleg umsýsla hefur t.d. færst í auknum mæli á hendur launaðra starfsmanna félaganna á meðan sjálfböðaliðar taka að sér önnur verkefni. Það eru raunveruleg dæmi um það innan ÍA að þjálfarar og aðrir starfsmenn sinni störfum sínum ólaunað til þess að bæta rekstur félagsins. Í því samfélagi sem við viljum búa börnum okkar, ætti þetta ekki að þurfa. Við eigum að geta búið öllum félögum þann grunn að hægt sé að tryggja að minnsta kosti laun fyrir þjálfarastörf. Sjálfböðaliðar ættu að fá þau tækifæri að vinna að grasrótinni í að efla tengsl og efla veg íþróttarinnar. Það skiptir samfélagið miklu máli að hafa sem fjölbreyttast íþróttastarf innan sinnar vébanda, það skilar sér margfalt til baka.

Innan aðildarfélaga ÍA starfa hundruð sjálfböðaliða sem leggja á sig ómælda vinnu, vinnu sem hefur ekki eingöngu áhrif á íþróttafélögin heldur samfélagið í heild. Án þessarar miklu vinnu sem sjálfböðaliðar leggja af mörkum ætti það öfluga starf innan ÍA sér ekki stað.

Um leið og mig langar að hvetja okkar sjálfböðaliða til dáða og hrósa þeim fyrir vel unnin störf í gegnum tíðina, langar mig að hvetja ykkur öll að sýna þakklæti til þessa mikilvæga fólks sem hefur gefið af sér í þágu annarra. Höldum sjálfböðaliðastarfinu á lofti og lifandi í þágu íþróttanna, ekki síst barna og ungmenna eða samfélagsins í heild sinni.

Marella Steinsdóttir – formaður ÍA

76. ársþing ÍA

2. júní 2020 var 76. ársþing Íþróttabandalags Akraness haldið í salnum Tónbergi, Marella formaður setti þingið, Hörður Ó. Helgason var kjörinn þingforseti. Í kjöri til stjórnar var Marella Steinsdóttir endurkjörin formaður Íþróttabandalags Akraness ásamt því að Hörður Ó. Helgason var endurkjörinn varaformaður. Breytingar urðu á stjórn, Dýrfinna Torfadóttir, Svava Þórðardóttir og Tjörvi Guðjónsson gengu úr stjórn ásamt því að Hallbera Jóhannesdóttir gekk úr varastjórn var þeim þökkuð farsæl störf fyrir Íþróttabandalag Akraness. Í stjórn komu nýjar inn þær Hrönn Ríkharðsdóttir og Erla Ösp Lárusdóttur, í varastjórn voru kjörin þau Líf Lárusdóttir og Trausti Gylfason.

Fram kom að rekstur ÍA og aðildarféлага er með miklum ágætum og mikillar bjartsýni gæti með framhaldið, sérstaklega þegar litið er til þeirra miklu framkvæmda sem nú eru á íþróttamannvirkjum bæjarins.



Bandalagsmerki ÍA

Ellefu einstaklingar voru sæmdir bandalagsmerki ÍA fyrir langt og farsæl störf í þágu ÍA og aðildarfélaga þess. Þeir sem viðurkenningu hlutu voru í starfrófsröð :

Ása Hólmarsdóttir Dreyra,

Brandur Sigurjónsson Knattspyrnufélag ÍA,

Brynjar Sigurðsson Körfuknattsleiksfélag ÍA,

Haraldur Ingólfsson Knattspyrnufélag ÍA,

Hjördís Hjartardóttir Sundfélag Akraness,

Ingunn Ríkharðsdóttir Golfklúbburinn Leynir / Sundfélag Akraness / ÍA,

Ólafur Ingi Guðmundsson Knattspyrnufélag ÍA,

Óskar Arnórsson Skotfélag Akraness,

Steindóra Steinsdóttir Knattspyrnufélag ÍA,

Svava Hrund Guðjónsdóttir Sundfélag Akraness,

Þóranna Halldórsdóttir Golfklúbburinn Leynir,

Þórður Elíasson Golfklúbburinn Leynir.

Starfsemi íþróttabandalagsins

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir starfaði sem framkvæmdastjóri ÍA í fullu starfi fram í ágúst 2020 lét þá af störfum og við tók við nýr framkvæmdastjóri Guðmunda Ólafsdóttir. Nýr framkvæmdastjóri tekur við mjög góðu búi frá Hildi Karen og færir framkvæmdastjórn Hildi Karen bestu þakkir fyrir frábærlega vel unnin störf í þágu íþróttar á Akranesi ásamt uppbygginu á skrifstofu ÍA.

Um haustið 2020 var Berglind Björgvinsdóttir ráðin í 10% starf til aðstoðar með ýmis mál fyrir ÍA. Berglind þekkir mjög vel allt innan íþróttamannvirkja og er ómetanlegur starfsmaður fyrir bandalagið. Að auki starfar Gunnlaugur Sölvason enn í hlutastarfi við viðhald tækja í þrekaðstöðu ÍA. Petrea Emilía Pétursdóttir sér áfram um bókhald Íþróttabandalagsins eins og áður fyrr með miklum sóma. Skrifstofa ÍA var flutt á þriðju hæð íþróttamiðstöðvarinnar á Jaðarsbökkum. Flutningarnir hafa tekist vel til og öll skrifstofu aðstaða til fyrirmyndar hjá bandalaginu.

Framkvæmdastjórn ÍA hélt reglulega fundi á árinu og hélt að auki aðalstjórnarfundum en á þeim fundum er farið yfir það helsta sem brennur á formönnum aðildarfélaganna og málefni sem snerta hreyfinguna eru tekin fyrir og rædd.

Rekstur

Rekstur ÍA gekk ágætlega þó svo að stór hluti tekna hafi vantað inn í rekstar árið. Heimsfaraldur setti svip sinn á rekstur bandalagsins, þar sem þreksalur var lokaður margar vikur á árinu. Í því árferði sem var 2020 gekk á höfuðstól bandalagsins því staðið var við þær samþykktir að veita aðildarfélögum heildar styrk að upphæð kr. 10 milljónir. Helstu tekjuliðir bandalagsins féllu niður eins og rekstur þrekaðstöðu og útleigu á stólum og borðum, sem stóðu undir tæplega helmingi tekna ÍA 2019, en skiluðu ekki nema kr. 663.230 árið 2020. Tekjur af Lottó og getraunum og styrkur frá Akraneskaupstað eru einnig mikilvæg í rekstrinum og nema um 40% af tekjunum. Vegna góðs gengis Íslenskrar getspar þá fékk bandalagið aukagreiðslu sem kom sér vel inni í reksturinn. Fallið var frá verkefnastjórnun af hálfu bandalagsins varðandi Heilsueflandi samfélag vegna anna í öðrum störfum starfsmanna bandalagsins. Eigið fé Íþróttabandalagsins er ríflega 66 milljónir króna í árslok 2020 og lækkar talsvert milli ára, aðallega vegna rekstartaps og tekjufalls. Stærstu eignir ÍA eru peningalegar eignir og eignarhlutur í Íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum.

Viðræður við Akraneskaupstað um endurskoðun á samningi

Á árinu 2020 hélt áfram vinna sem hófst 2019 í starfshópi sem vann að því að greina fjárframlög Akraneskaupstaðar til íþróttahreyfingarinnar og bera þau saman við fjárframlög nokkurra annarra sveitarfélaga til sömu verkefna.

Í starfshópnum voru þau Marella Steinsdóttir, Hörður Helgason, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Jón Þór Þórðarson og Magnús Guðmundsson f.h. ÍA og Sævar Freyr Þráinsson og Valgerður Janusdóttir f.h. Akraneskaupstaðar. Hópurinn lauk störfum og skilaði niðurstöðum til bæjaryfirvalda á fundi sem haldinn var á Garðavöllum í maí. Stjórn ÍA vill hér með þakka hópnum fyrir mjög góða vinnu og afrakstur sem vonandi mun skila sér í hærri fjárframlögum til íþróttahreyfingarinnar í framtíðinni.

Eftir þennan fund á Garðavöllum var skipaður starfshópur sem hafði það hlutverk að gera reglur um skiptingu fjár sem Akraneskaupstaður veitir til íþróttahreyfingarinnar ár hvert.

Niðurstaða hópsins var sú að framvegis muni styrkur til íþróttahreyfingarinnar skiptast á eftirfarandi hátt:

A) Barna- og unglingastarf. B) Styrktarsjóður (grunnkostnaður, hvatastyrkir og afreksstyrkir). Í hópnum voru Marella Steinsdóttir og Guðmunda Ólafsdóttir f.h. ÍA og Valgarður L. Jónsson og Sævar Freyr Þráinsson f.h. Akraneskaupstaðar. Eru þeim hér með þökkun góð störf í þessum starfshópi.

Nú tók við spennuþrungin bið eftir því hvaða áhrif niðurstöður framangreindrar vinnu myndu hafa á fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar hvað varðaði fjárframlag kaupstaðarins til íþróttahreyfingarinnar. Covid-faraldurinn var í fullum gangi með tilheyrandi veikindum í samfélaginu og efnahagslegum erfiðleikum. Svo ljóst var að niðurstaðan gæti valdið okkur vonbrigðum.

Það fór þó svo að framlag Akraneskaupstaðar til ÍA hækkaði verulega, eða úr 15,5 m.kr. í 35,1 m.kr. Framkvæmdstjórn ÍA fagnaði þessari niðurstöðu en lagði jafnframt áherslu á að þetta væri aðeins fyrsta skref á þeirri leið að hækka fjárframlög til íþróttahreyfingarinnar á þann hátt að þau yrðu sambærileg við sambærileg framlög hjá þeim bæjarfélögum sem við viljum bera okkur saman við og gætum þar með sannarlega kallað Akranes íþróttabæ. Rétt er að taka það fram hér að þessi niðurstaða vakti ekki mikla ánægju hjá öllum í íþróttahreyfingunni. Það er alveg eðlilegt og hvetur okkur áfram á þeirri vegferð að ná sambærilegu fjárframlagi og er hjá þeim sveitarfélögum sem við viljum bera okkur saman við.

Drög að nýjum samningi Akraneskaupstaðar og ÍA sem byggður er á ofangreindu bárust ÍA í síðustu viku. Þessi drög munu verða kynnt aðildarfélögum ÍA og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir.

Þrekstarfsemi ÍA

Almenningsíþróttir

Markmið Íþróttabandalagsins er ávalt að stuðla að fjölbreyttu íþróttastarfi á Akranesi og efla hreyfingu almennings einnig. Árið 2020 einkendist af miklum frestunum eða viðburðir hafi verið felldir alveg niður. ÍA gat þó staðið að nokkrum almennings viðburðum eins og :

Kvennahlaup ÍSÍ.

Að vanda var góð þátttaka í kvennahlaupi ÍSÍ sem fram fór þann 13. júní, eða um 100 þátttakendur hlupu ýmist 2 km. eða 5 km. Stúlkur frá Fimleikafélaginu ásamt foreldrum sáu um aðstoð við framkvæmd hlaupsins. Marella Steinsdóttir formaður ÍA ræsti hlaupara afstað.



Hreyfivika UMFÍ.

Skagamenn voru að vanda mjög virkir í hreyfiviku UMFÍ dagana 25. maí – 31. maí. M.a. var hjóklúbbur Skipasaga með fræðslu um hjól og hjólaferðir ásamt því að boðið var upp á fjölbreytta leiki og afþreyingu. Brenniboltaáskorun UMFÍ var tekið á Akranesi og var öllum leikskólum, grunnskólum og frístundarheimilum færðir merktir boltar að gjöf.



Lýðheilsugöngur á Akranesi.

Akraneskaupstaður og Íþróttabandalag Akraness í samstarfi við Ferðafélag Íslands hafa verið með dagskrá í nokkur ár og boðið upp á ýmsar gögnur í nágrenni við Akranesi eins gönguleiðir um kaupstaðinn sjálfan. Á þessu ári 2020 var ekki hægt að vera með göngur vegna heimsfaraldurs og því ekki neitt skipulagt af hálfu Íþróttabandalagsins sem hvatti þó alla í hreyfingu.

Það verður seint full þakkað það starf sem sjálfboðaliðinn hefur komið að þessu verkefni og önnur þau verkefni sem ÍA stendur fyrir. Það væri ekki mjög litríkt eða fjölbreytt starfið ef ekki allir myndu hjálpast að.

Styrkir til félaga

Á árinu 2020 veitti ÍA um 14 milljónum í beina styrki til aðildarfélaga sinna. Eins og síðustu ár bandalagsins þá er megin uppistaða þessara styrkja fengið í gegnum hagnað á rekstri þrekmiðstöðvar. Styrkirnir hafa farið hækkandi á undanförunum árum og bera vott um góðan rekstur hjá Íþróttabandalaginu, síðustu ár. Ekki verðu hægt að gera ráðfyrir því að styrkuppþæðir haldi sér vegna tekjufalls bandalagsins árið 2020. Höfuðstóll fjármuna hefur lækkað verulega á rekstarárinu 2020 og þykir ekki skynsamlegt að færa hann neðar sem stendur til þess að geta brugðst við og aðstoðað tímabundið félög ef á þarf að halda svo ekki skerðist þjónusta við iðkendur og fjölbreytt starf geti blómstrað.

Rekstrarstyrkir

Aðildarfélög ÍA fengu 10 milljónir í beina rekstrarstyrki frá Íþróttabandalaginu og eru þeir reiknaðir út á sama hátt og styrkir Akraneskaupstaðar til félaganna.

Styrkur vegna vorhreinsunar

Vorhreinsun fór fram í apríl 2020 og var vel mætt frá hinum ýmsu aðildarfélögum og tókst virkilega vel til. Styrkur var greiddur til þeirra aðildarfélaga sem tóku þátt og þá í samræmi við vinnuframlag hvers félags eins og fyrr ár.

Verkefnatengdur styrkur

Knattspyrnufélagið Kári fékk 250.000 kr. verkefnatengdan styrk frá ÍA á árinu 2020. Styrkurinn felur í sér að iðkendur Kára vinni að ýmsum verkefnum fyrir ÍA s.s. undirbúning og frágang við kjör íþróttamanns Akraness og uppsetningu og flutning á þrektækjum og öðrum búnaði á vegum ÍA.

Styrkur frá Skaganum hf. og Þorgeir og Ellert hf.

Það er ómetanlegt fyrir íþróttastarf á Akranesi sá styrkur sem fyrirtæki og einstaklingar leggja af mörkum. Án þessa væri ekki illa hægt að halda úti því fjölbreytta íþróttastarfi eins og gert er í dag. Fyrirtækin Skaginn hf. og Þorgeir og Ellert hf. hafa lagt barna og unglingastarfi innan ÍA mikinn lið síðustu ár með beinum fjárhagsstyrk. Fyrir þetta er ÍA þakklátt og metur mikils. Fyrirtækin hafa lagt til núna samtals 12 milljónir króna á s.l. fjórum árum. Þau verkefni sem styrkt hafa verið eru af ýmsum toga og allt til uppbyggingar á barna og unglinga starfi.

Húsnæðismál

Fimleikahús tekið í notkun

Á árinu 2020 var Fimleikahús tekið í notkun. Ekki hefur tekist að vígja húsið formlega vegna heimsfaraldurs. Stemmt er á að það verði gert haustið 2021 þegar allt verður fullklárað og full starfsemi verður komin í allt húsið á Vesturgötu. Rými sem hefur fengið nafnið þekja verður væntanlega fullklárað haustið 2021 en það á að hýsa ýmsa starfsemi og mun breyta öllu mótahaldi fyrir þau félög sem halda sín mót á Vesturgötu.

Reiðhöll

Fyrsta skóflustungan að reiðhöll Dreyra var tekin 1. maí 2019. Þann 17. Júlí 2020 var undirritaður samningur um burðarvirki reiðhallarinnar. Er það Kári Arnósson ehf sem mun annast vinnu við það að reisa burðarvirki. Fellst í því öll hönnun á burðarvirki ásamt framleiðsu og uppsetningu ásamt tilheirandi festingum og ytri frágangi á þessu mannvirki. Þessi viðbót við íþróttamannvirki Akraneskaupstaðar verður tekið fagnandi.

Nýtt íþróttahús við Jaðarsbakka.

Hönnun á mannvirki er í fullum gangi og langt komið, áætlað er að fyrsta skóflustunga verði tekinn í júní eða júlí 2021. Áætlað er að fyrsti áfangi þessarar uppbyggingar verði lokið haustið 2024 ef allt gengur eftir.

Keilusalur

Keilusalurinn á Vesturgötu fékk þrjár nýjar keilubrautir sem mun styrkja starf Keilufélagsins til muna. Húsnæði Keilufélagsins var tekið í gegn samhliða uppsetningu brautanna.

Íþróttabandalagið vill þakka Akraneskaupstað fyrir þessar framkvæmdir þær munu örugglega efla íþróttir og almenna hreyfingu á Akranesi.

Ýmslegt úr starfi íþróttabandalagsins á árinu 2020

ÍA

Árið 2020 einkendist af örðuvísi tímum. Tímum heimsfaraldurs og nýjum upplifunum í þeirri vegfeð sem af því hlaut.

Mikið var um lokanir og mikið um breytingar á æfingum. Íþróttahreyfinginn fékk í heild sinni nýja áskorun og þurfti að bregaðst við og hugsa margt upp á nýtt.

Aðildarfélög ÍA stóðu sig með mikilli þriði og tókst að lyfta grettistaki í rekstri og utanum haldi á æfingum. Finna upp nýjar leiðir til þess að æfa og koma með æfingar í gegnum internetið til iðkenda. Þetta tókst vel og voru allir hvattir til þess að fara út og hreyfa sig og auka við útiveru. Það kom í ljós strax í byrjun heimsfaraldursins hvað skipulagt íþróttatarf skiptir miklu máli. Þegar lítið var hægt að stunda íþróttir, kom í ljós hvað hreyfing og rútína í lífi fólks, þá sérstaklega barna eru mikilvægir þættir. Stjórnvöld settu þunga í að koma íþróttahreyfingunni til aðstoðar og settu inn fjármagn til þess að aðstoða í rekstri. Við viljum nota tækifærið og þakka fyrir það.

Heilsueflandi samfélag

ÍA tekur þátt í starfi heilsueflandi samfélags með breyttu sniði en var í upphafi á því samstarfi við Akraneskaupstað. Framkvæmdastjóri ÍA á í dag sæti í stýrihóp á vegum Heilsueflandi samfélags. Þar getur ÍA komið sínum sjónarmiðum á framfæri og unnið ötulega að eflingu almennrar hreyfingar og tekið þátt í verkefnum á vegum Heilsueflandi samfélags.

Æfingartæki í Garðalundi

Fráfarandi framkvæmdastjóri ÍA Hildur Karen Aðalsteinsdóttir kom að uppsetingu og skipulagi ásamt því að vera með kennslu á nýjum æfingartækjum í ágúst 2020, sem hefur verið komið upp í Garðalundi á vegum Heilsueflandi samfélags og Akraneskaupstað.



Hér má sjá m.a. Bæjarstjórnann Sævar Frey ásamt Hildi Karen að prófa nýju tækinn.

Vorhreinsun á Akranesi

Íþróttahreyfingin á Akranesi tekur samfélagslega ábyrgð sína alvarlega og tekur þátt í því að fegra umhverfið á Akranesi og um leið stuðla að hreyfingu, samveru og umræðu um samfélagslega ábyrgð hjá fólkinu okkar. Þann 25. apríl mættu harðduglegir krakkar og fjölskyldur þeirra sem plokkuðu rusl um allan bæ. Dugnaður og gleði skein úr hverju andliti. Ekki var hægt að skipuleggja hreinsun á hefðbundin hátt né að bjóða upp á kakó og kleinur. Heldur var skipulagið frekar frjálst í þetta skiptið.



Heildarsamningur við Sportabler

Á formannafundi ÍA var tekin ákvörðun um að ÍA gerði heildarsamning við Sportabler fyrir öll sín aðildarfélög. ÍA greiðir grunnkostnað til þess að byrja með þar sem flestir eru að læra á nýtt kerfi. Á milli jóla og nýárs tilkynnti svo Sportabler að það fyrirtæki hafi sameinast Nóra eða keypt stóran hluti í Nóra kerfinu og með því meirihlutaeigandi. Þar með varð ljóst að einungis eitt kerfi væri að fara að vera á markað sem stendur.

Íþróttatengd leikjanámskeið

Í samstarfi við leikjanámskeið Akraneskaupstaðar í Þorpinu var boðið upp á „Íþróttatengd leikjanámskeið“ í tvær vikur fyrir verðandi nemendur 1. og 2. bekkjar í ágúst. nokkuraðildarfélög ÍA voru með í verkefninu 2020: Enn er gert er ráð fyrir að þetta góða samstarf við Þorpið haldi áfram og sé komið til að vera einn af föstu þáttunum í starfi aðildarfélaga ÍA enda er þetta frábær vettvangur fyrir félög að kynna starf sitt. Hvetur ÍA aðildarfélög sín að nýta tækifærið sem þarna býðst.

Minningarsjóður Guðmundar Sveinbjörnssonar

Minningarsjóðurinn var stofnaður af Íþróttabandalagi Akraness í virðingar- og þakklætisskyni fyrir hin veigamiklu störf Guðmundar í þágu Íþróttabandalags Akraness. Þrír afreksíþróttamenn fengu úthlutað afreksstyrkjum úr sjóðnum á árinu. Það voru þau Kristín Þórhallsdóttir kraftlyftingakona og íþróttamaður Akraness 2020, Jakob Svavar Sigurðsson knapi sem lenti í öðru sæti í kjöri íþróttamanns Akraness og fimleikakonan Guðrún Julianne Unnarsdóttir sem hafnaði í þriðja sæti í kjöri íþróttamanns Akraness.

Tilboð í vetrarfrí grunnskólanna

Í tengslum við vetrarfrí grunnskólanna var ekki hægt að bjóða upp á nein tilboð þar sem ekki mátti koma saman í hópum eða stuðla að hópamyndum á þeim tíma sem vetrarfrí var og ekki æskilegt að aðildarfélög væru með skipulagða dagskrá.



Fundir og fyrirlestar

Þó svo að áætlanir gerðu ráð fyrir að halda fundi og fyrirlestra fyrir aðildarfélög, var framkvæmdin það flókin vegna heimsfaraldursins að ekki var hægt að stand við þær áætlanir. Munu þær áætlanir færast yfir á árið 2021.

Íþróttamaður ársins 2020 á Akranesi



Kristín Þórhallsdóttir kraftlyftingakona var kjörin Íþróttamaður Akraness og er þetta í fyrsta sinn sem hún hlýtur þennan titil. Kristín Þórhallsdóttir er líkalega ein sú sterkasta konan á landinu. Samanlagður árangur Kristínar á Reykjavíkurlíkum í janúar 2020 var 437,5 kg. sem var nýtt íslandsmet og dugði hann einnig til þess á ná lágmarki fyrir Heimsmeistaramót. Það mót átti að halda í Hvíta Rússlandi í júní 2020, því miður varð að fresta því móti og öllum öðrum árið 2020 vegna heimsfaraldurs.

Í öðru sæti í kjörinu varð Jakob Svavar Sigurðsson knapi og í þriðja sæti varð Guðrún Julianne Unnarsdóttir fimleikakona.

Tilnefndir íþróttamenn fyrir árið 2020:

Aron Elvar Dagsson, körfuknattleikur
Brynhildur Traustadóttir, sund
Drífa Harðardóttir, badminton
Dino Hodizic, Knattspyrnfélagið Kári
Friðja Halldórsdóttir, Knattspyrnufélag ÍA
Guðrún Julianne Unnarsdóttir, fimleikar
Jakob Svavar Sigurðsson, Dreyri

Kristín Þórhallsdóttir, kraftlyftingar
Kristrún Bára Guðjónsdóttir, karate
Sigurður Þorsteinn Guðmundsson, keila
Sylvía Þórðardóttir, klifur
Tryggvi Haraldsson, Knattspyrnufélag ÍA
Valdís Þóra Jónsdóttir, golf

Íslands- og bikarmeistarar ÍA 2020

Badminton Máni Berg Ellertsson Arnar Freyr Fannarsson Hilmar Veigar Ágústsson Drífa Harðardóttir Keila Sóley Líf Konráðsdóttir Ísak Freyr Konráðsson Hlynur Helgi Atlason Jóhann Ársæll Atlason Sigurður Þorsteinn Guðmundsson	Kraftlyftingar Kristín Þórhallsdóttir Alexander Örn Kárason Helgi Arnar Jónsson
---	---



Iðkendur ÍA í landsliðsverkefnum

Nafn	Grein	Landslið / verkefni
Brynhildur Traustadóttir	Sund	Æfingaferð SSI Tenerife feb. 2020
Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir	Sund	Unglingalandslið
Guðrún Julianne Unnarsdóttir	Fimleikar	Landliðshópur stúlkna
Aron Elvar Dagsson	Körfubolti	U-18
Styrmir Jónasson	Körfubolti	U-16
Þórður Freyr Jónsson	Körfubolti	U-16

Því miður var ekki mikið um landsliðsverkefni árið 2020 og því listi yfir landsliðsiðkendur frekar stuttur þetta árið. ÍA á mikið af efnilegu ungu íþróttafólki og ekki spurning um að þessi listi verði langur um ókomin ár.


Áritun

Ársreikning þennan fyrir Íþróttabandalag Akraness höfum við yfirfarið.
 Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi 1.1.2020 til 31.12.2020
 og efnahagsreikningi hinn 31.12.2020 og er hann í samræmi við bækur bandalagsins.
 Leggjum við til að hann verði samþykktur

Akranes 18. maí 2021


 Magnús Brandsson
 Félagskjörinn skoðunarmaður


 Bergþór Guðmundsson
 Félagskjörinn skoðunarmaður


 Marella Steinsdóttir
 Formaður Íþróttabandalags Akraness


 Hörður Ó. Helgason
 Varaformaður Íþróttabandalags Akraness


 Hrönn Ríkharðsdóttir
 Gjaldkeri Íþróttabandalags Akraness


 Gísli Karlsson
 Ritari Íþróttabandalags Akraness


 Erla Ösp Lárusdóttir
 Meðstjórnandi Íþróttabandalags Akraness

Rekstrarreikningur ÍA árið 2020 - 1. janúar - 31. Desember

	Skýr.	Raun 2020	Raun 2019
Rekstrartekjur			
Lotto		10.596.826	8.375.782
Styrkur frá Akraneskaupstað		5.225.000	7.483.333
Húsaleiga		7.480	462.000
Hlutdeild í sölu getrauna		802.089	883.232
Trimm/aðstöðugjöld		1.119.604	2.612.548
Þreksalur		9.387.629	18.989.886
Ýmsar tekjur	1	4.507.969	4.989.992
		32.946.989	44.865.491
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld		15.922.114	13.650.712
Aðkeypt þjónusta leiðbeinendur		60.000	24.000
Styrkir til aðildafélaga		14.019.254	21.470.517
Tryggingar		99.385	101.917
Fasteignagjöld		755.566	702.639
Íþróttaráhöld		610.324	660.191
Önnur áhöld		649.176	1.248.985
Viðhald fasteignar		209.140	378.630
Prentun, pappír og ritföng	2	141.339	97.790
Kaffi og veitingar		96.031	313.459
Auglýsingar ofl.		150.373	0
Sími og Internet og tölvuþjónusta	3	1.178.799	1.463.869
Póstburðargjöld		11.495	8.198
Stuðningsmannavörur		206.764	1.014.945
Annar kostnaður	4	2.392.279	2.893.554
Afskriftir	5	2.135.080	2.846.772
		38.637.119	46.876.178
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði		-5.690.130	-2.010.687
Fjármagnsliðir			
Vaxtatekjur		-183.106	-870.231
Vaxta- og þjónustugjöld		43.654	191.301
		-139.452	-678.930
Afkoma ársins		-5.550.678	-1.331.757

Skýringar

1. Ýmsar tekjur

Kvennahlaup.	138.500
Styrkir frá fyrirtækjum og einstaklingum.	3.078.270
Sala á áhöldum og tækjum.	155.000
Leiga á borðum og stólum.	663.230
ÍA vörur.	272.969
Styrkur UMFÍ.	200.000
	4.507.969

2. Prentun, pappír og ritföng.

Útbreiðsla sjónvarpsefni /Siminn /365 / Vodafone.	306.491
ÍA TV.	20.749
Sími og internet.	79.253
ÍA vefurinn.	17.072
Tölvukostn. og offce leyfi.	755.234
	1.178.799

3. Annar kostnaður.

Leiga á Nóra skráningarkerfi.	168.372
Kvennahlaup ÍSÍ.	100.000
Kostnaður v íþróttamaður ársins.	329.933
Innheimtugjöld/Seðilsgjöld/leiga á posa.	106.220
Námskeiðisgjöld/fyrirlestrar/ráðgjöf.	15.000
Jólagjafir formanna /risna.	352.481
Kári og KÍA vegna ýmisskonar vinnu/bera þrekt/svið ofl.	400.000
Bandalagsmerki.	128.000
Ýmis kostnaður.	31.023
Uppþökur af Íþróttalífi ÍA.	241.800
Lækkun birgða.	519.450
	2.392.279

4. Afskriftir.

Staða áhalda, tækja og búnaðar 01.01.	8.540.320
Eignfært á árinu.	0
Afskriftir ársins.	-2.135.080
	6.405.240

Afskriftarhlutföll eru 25%

5. Útistandadi kröfur

Lottó ósóttir vinningar 2020.	292.879
Lottó vegna des 2020.	1.111.939
Getraunir vegna 2020.	802.089
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ v des 2020.	111.723
	2.318.630

Efnahagur ÍA 2020

Eignir	Skýr.	2020	2019
Veltufjármunir			
Bankareikningar		22.982.997	20.158.336
Útistandandi kröfur	6	2.318.630	8.174.093
Veltufjármunir samtals		25.301.627	28.332.429
Fastafjármunir			
ÍA íþróttavörur til endursölu		1.339.650	1.859.100
Skrifstofubúnaður, fjölmiðlataeki ofl.		178.279	237.705
Búnaður í veitingasal		2.138.857	2.851.809
Íþróttataeki í þreksölum		4.088.104	5.450.806
Eignarhluti í íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum		37.170.000	35.380.000
Fastafjármunir samtals		44.914.890	45.779.420
Eignir samtals		70.216.517	74.111.849
Eigið fé			
Eigið fé frá fyrra ári		70.252.552	66.844.309
Hækkun á fasteignamati		1.790.000	4.740.000
Afkoma ársins		-5.550.678	-1.331.757
Eigið fé samtals		66.491.874	70.252.552
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir, ógreiddur kostnaður		349.985	361.808
Ógreidd laun og launatengd gjöld		374.658	497.489
Fyrirfram innheimtar tekjur		3.000.000	3.000.000
Skuldir samtals		3.724.643	3.859.297
Skuldir og Eigið fé samtals		70.216.517	74.111.849

Minningarsjóður Guðmundar Sveinbjörnssonar

Minningarsjóður Guðmundar Sveinbjörnssonar

Rekstrarreikningur 1. janúar - 31. desember 2020


TEKJUR:	2020	2019
Sala minningarspjalda	0	5.356
Vextir og verðbætur	105.598	103.003
Tekjur	105.598	108.359
GJÖLD:		
Þjónustugjöld	0	0
Styrkir	450.000	450.000
Gjöld	450.000	450.000
Gjöld umfram tekjur	-344.402	-341.641
Alls:	105.598	108.359

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

EIGNIR:		
Landsbankinn 0186-15-670169	0	4.536
Landsbankinn 0186-15-020015	0	3.135.919
Íslandsbanki 552-14-645	2.796.053	0
Eignir	2.796.053	3.140.455
SKULDIR:		
	0	0
Skuldir	0	0
EIGIÐ FÉ:		
Eigið fé frá fyrra ári	3.140.455	3.482.096
Afkoma ársins	-344.402	-341.641
Eigið fé	2.796.053	3.140.455
Skuldir og eigið fé	2.796.053	3.140.455

Akranes 18. maí 2021


 Magnús Brandsson
 Félagskjörinn skoðunarmaður


 Bergþór Guðmundsson
 Félagskjörinn skoðunarmaður

Helstu rekstrartölur aðildarféлага ÍA 2020

Félag	Tekjur	Gjöld	Hagn. / Tap	Eignir	Skuldir
Badmintonfélag	6.297.749	4.661.683	1.636.066	3.491.448	75.433
Blakfélagið Bresi	925.632	883.711	41.921	1.565.278	73.165
Fimleikafélag	45.830.078	37.312.138	1.919.392	16.936.599	622.891
Golfklúbburinn Leynir	127.660.016	114.825.995	12.834.021	186.272.913	76.330.878
Hestamannafélagið Dreyri	9.673.837	6.098.363	3.650.399	71.178.165	75.000
Hnefaleikafélag	1.080.002	1.184.624	- 104.622	654.361	-
Íþróttafélagið Þjótur	1.228.282	1.163.830	64.452	2.124.176	-
Karatefélag	2.565.835	3.002.761	170.736	1.912.302	-
Keilufélag	6.125.085	5.056.182	1.068.915	6.276.196	-
Knattspyrnufélag ÍA	210.563.228	207.835.894	2.727.334	10.653.388	3.223.114
Knattspyrnufélagið Kári	5.580.059	5.943.896	- 363.837	807.137	-
Klifurfélag ÍA	7.759.579	7.655.175	107.206	991.728	-
Kraftlyftingafélag	1.133.984	203.369	935.888	930.615	-
Körfuknattleiksfélag	12.440.513	12.434.115	6.398	821.774	-
Sigurfari	1.642.454	1.665.870	- 24.666	661.267	-
Skotfélag	2.756.003	4.917.706	-2.161.703	4.577.585	-
Sundfélag	27.066.752	23.127.677	3.939.075	10.764.819	530.168
UMF Skipaskagi	609.341	384.928	224.413	1.994.475	-
Vélhjólaíþróttafélag	3.032.508	1.168.125	1.864.383	1.864.383	-
Samtals	473.970.937	439.526.042	28.535.771	324.478.609	80.930.649
Íþróttabandalag Akraness	32.946.989	38.497.667	- 5.550.678	70.216.517	3.724.643
Samtals	506.917.926	478.023.709	22.985.093	394.695.126	84.655.292

Rekstraryfirlit ÍA og aðildarfélaga þess

TEKJUR	Aðildarfélög		ÍA		Samtals
Fjárafánir, framlög og styrkir	182.927.672	38,7%	17.924.307	54,4%	200.851.979
Tekjur af mótum	43.079.615	9,11%	0	0,0%	43.079.615
Auglýsingatekjur	0	0,0%	0	0,0%	0
Húsa- og vallarleigutekjur	31.610.657	6,68%	7.480	0,02%	31.618.137
Félagsgjöld og sala leikmanna	66.264.218	14,0%	0	0,0%	66.264.218
Æfingagjöld	105.962.174	22,4%	10.507.233	31,9%	116.469.407
Aðrar tekjur	43.366.815	9,13%	4.507.969	13,7%	47.692.287
TEKJUR ALLS	473.038.151	100%	32.946.989	100%	505.985.140

GJÖLD					
Laun og verktakagreiðslur	175.801.397	40,%	15.982.114	43,0%	191.783.511
Styrkir til einstaklinga og deilda	84.205.531	19,4%	14.019.254	37,8%	98.224.785
Félagaskipti og sala leikmanna	1.810.000	0,42%	0	0,0%	1.810.000
Búningar, áhöld og tæki	17.206.601	3,96%	0	0,0%	17.206.601
Ferðakostnaður v/móta innanlands	1.565.294	0,36%	0	0,0%	1.565.294
Ferðakostnaður v/móta erlendis	0	0,0%	0	0,0%	0
Þátttaka í mótum	7.053.100	1,62%	0	0,0%	7.053.100
Kostnaður v/mótahalds	17.500.460	4,08%	0	0,0%	17.718.692
Rekstur mannvirkja	51.956.220	11,7%	974.091	2,62%	52.011.934
Rekstur skrifstofu	10.724.852	2,47%	1.634.428	4,4%	12.359.280
Auglýsingar, kynning og fræðsla	556.500	0,13%	0	0,0%	556.500
Kostn. v/samkeppnisreksturs	8.128	0,0%	0	0,0%	8.128
Önnur gjöld	67.033.289	15,4%	4.527.359	12,2%	71.474.324
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	435.421.372	100%	37.137.246	100%	472.558.618
Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði	37.616.779		-5.690.130		36.152.561
Fjármagnsliðir og fyrningar	10.557.854		1.995.628		12.553.482
GJÖLD ALLS	445.999.226		39.132.874		485.132.100

HAGNAÐUR+/(TAP)	27.038.925		(5.550.678)		21.488.247
EIGNIR					
Fastafjármunir	207.280.153		44.914.890		252.195.043
Veltufjármunir	110.992.829		25.301.627		136.294.456
EIGNIR ALLS	318.272.982		70.216.517		388.489.499
EIGIÐ FÉ	237.415.498		66.491.874		303.907.372
SKULDIR					
Langtímaskuldir	63.380.041		0		63.380.041
Skammtímaskuldir	17.477.443		3.724.643		21.201.086
SKULDIR ALLS	80.857.484		3.724.643		84.582.127
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	318.272.982		70.216.517		388.489.499

76. ársþing ÍA haldið 2. júní 2020 í

Í Tónbergi, sal Tónlistarskólans

Þinggerð

Þingsetning

Marella Steinsdóttir formaður ÍA setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna en það voru Sævar Þráinsson bæjarstjóri, Hafsteinn Pálsson annar varaformaður ÍSÍ og Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdarstjóri UMFÍ ásamt bæjarstjórn Akraness.

Marella lagði til að Hörður Óskar Helgason yrði þingforseti og að Hallbera Fríður Jóhannesdóttir tæki að sér að vera fundarritari og var það samþykkt einróma.

Kjörbréfanefnd

Þingforseti lagði fram tillögu um að Svava Þórðardóttir, Magnús Guðmundsson og Jón Þór Þórðarson (formaður) skipuðu kjörbréfanefnd. Engar athugasemdir gerðar við það.

Nefndin starfaði hratt og örugglega. Formaður kjörbréfanefndar gerði grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar. Alls bárust kjörbréf frá 15 af 19 aðildarfélögum ÍA, mættir voru 37 þingfulltrúar af 62. Jón Þór sagði nefndina hafa farið yfir kjörbréfin og voru þau samþykkt samhljóða.

Engar athugasemdi gerðar við niðurstöður kjörbréfanefndar.

Skýrsla framkvæmdastjórnar ÍA

Formaður ÍA, Marella Steinsdóttir, hóf mál sitt á að tala um fyrirmyndir í íþróttum. Mikilvægt væri að börn og unglingar hefðu góðar fyrirmyndir í öðru íþróttafólki og að íþróttir geti bjargað börnum og unlingum frá því að lenda á villigötum. Því væri nauðsynlegt að íþróttafélög bjóði upp á gott starf og sveitarfélög góðar aðstæður. Án stuðning Akraneskaupstaðar gætu íþróttafélögin innan ÍA ekki haldið úti eins öfluglu íþróttastarfi og raun ber vitni og ber að þakka fyrir hann. Þessu næst var ársskýrslan lögð fram og gerði Marella grein fyrir því helsta í starfi ÍA á árinu 2019. Í máli hennar kom m.a. fram að örlítið væri verið að ganga á höfuðstól bandalagsins og að varlega yrði að fara í slíkt því ÍA verði að vera í stakk búið til að taka við áföllum ef verða. Þessu næst vakti hún athygli á því að ÍA varð aðili að UMFÍ 2019 og mun sú aðild einkum styrkja það starf sem snýr að forvörnum og almennri heilsuefningu.

Afar gleðilegt var að íþróttafélag innan ÍA hlaut menningarverðlaun Akraness en það var Sundfélagið sem varð þess heiðurs aðnjótandi fyrir Útvarp Akraness.

Jakob Sigurðsson hestamaður Dreyra var kosinn íþróttamaður Akraness.

Ársskýrslan er aðgengileg á vef ÍA.

Ársreikningar ÍA

Þingforseti gaf Svövu Þórðardóttur orðið til að fara yfir ársreikninga ÍA, rekstrarreikning og efnahagsreikning. Skýrði Svava þar út helstu liði og bar saman við árið 2018. Jafnframt fór hún yfir fjárhagsáætlun bandalagsins fyrir árið 2020.

Í framhaldi af ársreikningunum gerði Svava einnig grein fyrir ársreikningum í tengslum við Minningarsjóð Guðmundar Sveinbjörnssonar.

Þingforseti þakkaði Svövu fyrir og gaf orðið laust um ársskýrslu og ársreikninga.

Jón Þór Þórðarson. Þakkaði ÍA fyrir greinagóða skýrslu og lýsti ánægju með styrki til félaganna. Þakkaði Akraneskaupstað fyrir að hafa komið með aukinn styrk í barna og ungmennastarf.

Fleiri tóku ekki til máls.

Þingforseti bar ársreikningana og skýrsluna upp og var það allt samþykkt samhljóða.

Heiðursviðurkenningar

Íþróttabandalagið sæmdi eftirtalda einstaklinga bandalagsmerki ÍA sem viðurkenningu fyrir langt og farsælt starf tengt íþróttamálum á Akranesi:

Ása Hólmarsdóttir Dreyra, Brandur Sigurjónsson Knattspyrnufélag ÍA, Brynjar Sigurðsson, Korfuknattleiksfélag ÍA, Haraldur Ingólfsson, Knattspyrnufélag ÍA (Jónína Víglundsóttir eiginkona hans tók við viðurkenningunni), Hjördís Hjartardóttir Sundfélag Akraness, Ingunn Ríkharðsdóttir Golfklúbburinn Leynir / Sundfélag Akraness / ÍA, Ólafur Ingi Guðmundsson Knattspyrnufélag ÍA, Óskar Arnarsson Skotfélag Akraness, Steindóra Steinsdóttir Knattspyrnufélag ÍA, Svava Hrund Guðjónsdóttir Sundfélag Akraness, Þórunn Halldórsdóttir Golfklúbburinn Leynir, Þórður Elíasson Golfklúbburinn Leynir.

Fyrirmyndarhérað ÍSÍ.

Hafsteinn Pálsson annar varaforseti stjórnar ÍSÍ flutti kveðju frá ÍSÍ og þakkaði gott samstarf á liðnum árum. Minnti á Íslenska getspá og mikilvægi hennar í fjármálum íþróttafélaga. Minntist á áhrif Covid á íþróttahreyfinguna og það mikla tekjutap sem íþróttahreyfingin varð fyrir. Hart væri sótt á ríkisvaldið um aukna fjármuni. Búið væri að úthluta 300 milljónum. Hafsteinn minnti félagi á að sækja um viðbótarúthlutunina en umsóknarfrestur væri tekinn að styttest. Þessu næst gerði hann grein fyrir því að ÍA hefði staðist allar þær kröfur sem gerðar væru til fyrirmyndarhéraðs varðandi skipulag og verkferla og væri hér með útnefnt fyrirmyndarhérað innan ÍSÍ. Hann lauk máli sínu á því að ítreka að markmiðið væri alltaf að gera gott starf betra og óskaði félögum farsældar.

Í framhaldi af ræðu Hafsteins vakti þingforseti athygli á handbók ÍA. Hún er afrakstur þeirrar vinnu sem fór í að sækja um að verða fyrirmyndarhérað. Hvatti hann fundarmenn til að kynna sér handbókina en hún er aðgengileg á heimasíðu ÍA. Þakkaði hann Hildi Karen Aðalsteinsdóttur og Jóni Þóri Þórðarsyni fyrir þeirra frábæra starf en þau báru hitann og þungann af gerð handbókarinnar.

Styrkveitingar úr minningarsjóði Guðmundar Sveinbjörnssonar

Þrír efstu í kjöri Íþróttamanns Akraness hlutu styrk úr sjóðnum en það voru þau:

Jakob Svavar Sigurðsson hestamaður, 200 þúsund krónur

Valdís Þóra Jónsdóttir kylfingur 150 þúsund krónur

Alexander Örn Kárason kraftlyftingarmaður 100 þúsund krónur

Þeim voru sendar bestu kveðjur frá þinginu.

Lagabreytingar og skattur til ÍA

Þingforseti lagði fram tillögu stjórnar ÍA þess efnis að skipuð verði sérstök laganefnd varðandi endurskoðun á lögum bandalagsins.

Tillaga fyrir ársþing um endurskoðun laga ÍA

Ársþing ÍA haldið 8. júní 2020 samþykkir að skipuð verði laganefnd ÍA sem starfi á milli ársþinga 2020 og 2021. Hlutverk laganefndar verði að endurskoða lög ÍA og leggja þau fyrir ársþing ÍA 2021.

Ársþing ÍA 2020 felur framkvæmdastjórn ÍA að skipa laganefndina og sjá til þess að vinna hennar hefjist tímanlega og að henni ljúki a.m.k. þremur vikum fyrir ársþingið 2021. Þá þarf að senda tillögur að endurskoðun og breytingum á lögum til aðildarfélaganna sem hafa þá tíma til að fara yfir tillögurnar og leggja fram breytingatillögur tímanlega fyrir ársþingið 2021. Þar verða tillögurnar ræddar endanlega og afgreiddar.

Orðið gefið laust, enginn tjáði sig um þetta mál. Var nýrri stjórn ÍA falin framkvæmd tillögunnar.

Ákvörðun um skattgreiðslur

Lagt til að skattur verði kr. 0 – samþykkt.

Kosning framkvæmdastjórnar ÍA og tveggja varamanna

Þingforseti las upp tillögu að formanni og framkvæmdastjórn ÍA:

Tillaga að formanni ÍA: Marella Steinsdóttir, samþykkt með lófaklappi.

Tillaga að varaformanni ÍA: Hörður Helgason, samþykkt með lófaklappi.

Tillaga um aðra í framkvæmdastjórn ÍA: Gísli Karlsson, Hrönn Ríharðsdóttir og Erla Lárusdóttir – samþykkt með lófaklappi.

Tillaga um varafulltrúa í framkvæmdastjórn: Trausti Gylfason og Líf Lárusdóttir. Samþykkt með lófaklappi

Tillaga um skoðunarmenn reikninga:

Bergþór Guðmundsson og Magnús Brandsson. Samþykkt með lófaklappi.

Tillögu um fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ var vísað til framkvæmdastjórnar ÍA. Samþykkt með lófaklappi

Dýrfinna Torfadóttir, Svava Þórðardóttir og Tjörvi Guðjónsson gengu úr aðalstjórn og Hallbera Jóhannesdóttir úr varastjórn. Voru þeim þökkúð góð störf fyrir ÍA og afhent blóm.

Önnur mál

Þingforseti gaf orðið laust undir önnur mál.

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Bæjarstjóri byrjaði á að óska þeim sem fengu heiðursviðurkenninguna til hamingju. Því næst sagði hann í stuttu máli frá vinnu sem lögð hefur verið í að greina styrki kaupstaðarins hvað íþróttamál varðar í samanburði við önnur sveitarfélög. Í máli hans kom einnig fram að framundan væri metár í fjárfestingum hjá Akraneskaupstað og stór hluti þeirra væri í íþróttamannvirkjum. Hann lauk máli sínu á því að tilkynna að búið væri að ákveða að byrja á hönnun á nýjum mannvirkjum á Jaðarsbökkum.

Sigrún Ríkharðsdóttir framkvæmdastjóri FIMA.

Ræddi minningarsjóð Guðmundar Sveinbjörnssonar og að nauðsynlegt væri að efla sölu minningarkorta. Þakkaði Hildi Karen og Jóni Þóri fyrir þeirra starf varðandi umsóknina um fyrirmyndrhénað.

Örn Arnarson hjá ÍA TV.

Minnti á starfsemi sjónvarpsins og að það væri tilbúið að senda út frá íþróttaviðburðum allra íþróttafélaga innan ÍA. Þá talaði Örn um stöðu íþróttaiðkunar yngstu barnanna. Mælir hann með að öll börn hafi aðgang að eins mörgum íþróttagreinum og þau vilja án tillits til fjárhagsstöðu foreldra. Mikilvægt að börnin fái að prófa sem flestar greinar. Ekki velja greinina sína of snemma. Hvatti stjórn bandalagsins og Akraneskaupstað að vinna að þessum málum. Bætti við að öll börn yngri en 8 ára ættu að hafa aðgang að gjaldfrjálsri íþróttaiðkun.

Hildur Karen framkvæmdarstjóri ÍA

Tók undir með Erni. Hefur skoðað hvernig þetta er gert í Grindavík og Ísafirði. Farið var í samstarf við Þorpið /Akraneskaupstað 2 vikur á hausti þars sem 1. og 2. bekkur fengu kynningu frá aðildarfélögum ÍA. Gekk vel.

Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ

Auður Inga bauð ÍA velkomið inn í UMFÍ. Sagði frá starfi nefndar sem er að vinna að því að sameiginlega verði veitt úr lottósjóði ÍSÍ og UMFÍ. Vakti athygli á unglingamóti UMFÍ sem haldið verður um verslunarmannahelgina. Mótið væri fyrir alla og væri frábær samvera barna og unglinga með foreldrum um verslunarhelgina. Hún lauk máli sínu á að benda bæjarstjóra á að foreldrar velja sér búsetu eftir m.a. aðstöðu barna til íþróttaiðkunar og hvatti kaupstaðinn til enn frekari dáða á því sviði..

Jón Þór Þórðarson

Þakkaði fyrir allt hið jákvæða og góða sem gert hefði verið. Covid sýndi svart á hvítu að íþróttir barna og unglinga eru eitthvað sem skiptir máli og þess vegna er mikilvægt að halda áfram uppbyggingu – gera gott starf betra. Lauk máli sínu á orðunum ÍA og Akranes eru eitt.

Hörður Helgason

Þingforseti tilkynnti að hinn frábæri framkvæmdastjóri ÍA, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir hefði ákveðið að láta af störfum. Þakkaði henni frábært starf en hún hafi í starfi sínu sýnt mikla þjónustulund í vinnu sinni fyrir félögin, ekki síst þau minnstu. Þá hefur hún haldið tengingu við kaupstaðinn og oft á tíðum virkað eins og nokkurs konar íþróttafulltrúi kaupstaðarins.

Þingslit

Marella tók undir orð Harðar og þakkaði Hildi Karen fyrir frábært samstarf. Óskaði því næst öllum þeim sem fengu viðurkenningu til hamingju og sleit 76. ársþingi ÍA.

Hallbera Fríður Jóhannesdóttir



Ársskýrslur aðildarfélaga ÍA

Badmintonfélag Akraness

Aðalfundur Badmintonfélags Akraness var haldinn í íþróttahúsinu við Vesturgötu 24. febrúar 2020. Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir.

Engin breyting var gerð á stjórn félagsins.

Stjórn félagsins veturinn 2020 - 2021

Formaður :	Brynja Kolbrún Pétursdóttir
Gjaldkeri :	Arnór Tumi Finnsson
Ritari :	Irena Rut Jónsdóttir
Meðstjórnendur :	Daníel Þór Heimisson og Egill G. Guðlaugsson



Iðkendur

Fjöldi iðkenda á síðasta ári voru um 70 sem skiptast í þrjá flokka, auk þess sem við höfum verið með trimmara. Ákveðið var að halda áfram verkefninu okkar að leyfa einum árgangi að æfa frítt, þetta árið er það árgangurinn 2011 og eru nú um 12-15 krakkar að æfa í þeim aldursflokki. Haldið verður áfram með þetta átak næstu árin á meðan við höfum pláss á æfingum til þess og á meðan á uppbyggingu stendur. Einnig erum við með opna tíma á sunnudögum sem hafa verið mjög vel nýttir og er ánægjulegt að sjá fólk á öllum aldri spila saman – jafnvel heilu fjölskyldurnar.

Þjálfarar

Helena Rúnarsdóttir var yfirþjálfari en hún byrjaði í ársbyrjun 2020. Einnig hafa Brynjar Már Ellertsson og Sara Jónsdóttir þjálfað 1. flokk og er það mat stjórnarinnar að það sé gott að fá nýja þjálfara inn til að efla starfið enn frekar. Til aðstoðar hafa verið Irena Rut Jónsdóttir og Brynja Kolbrún Pétursdóttir ásamt eldri iðkendum félagsins.

Viðburðir starfsársins

Starfsárið er búið að vera fordæmalaust þar sem kórónuveirufaraldurinn hefur verið í hámarki og mikið um samkomutakmarkanir og íþróttaiðkun hefur verið óheimil í einhvern tíma. Íþróttahúsin hafa verið lokað mikið á starfsárinu og mjög lítið um keppni. Félagið hefur aflýst öllum viðburðum á starfsárinu þ.e. Atlamótinu sem átti að vera 28. – 29. nóvember 2020 og Gríslingamótinu sem átti að vera 17. janúar 2021. En fyrirhugað er að halda Landsbankamót ÍA 13. – 14. mars 2021. Badmintonfélagið mun síðan halda Íslandsmót unglunga 9. – 11. apríl 2021 í samstarfi við Badmintonsamband Íslands.

Mikil sátt ríkir um það hjá Badmintonfélagi Akraness að iðkendur geti bara æft en sleppt því að keppa. Við viljum fá sem flesta og mega allir vera á sínum eigin forsendum hjá félaginu.

Meistaramóti Íslands 2020 var frestað, það átti að vera 20. – 22. mars 2020 en var haldið 11. – 13. september. Þar eignuðumst við Íslandsmeistaratitil í tvenndarleik í Meistaraflokki. Einnig vannst silfur í tvíliðaleik kvenna í Meistaraflokki. Í A flokki unnum við til silfurverðlauna í einliðaleik kvenna.



Meistaramót 2020 – Drífa Harðardóttir Íslandsmeistari í tvenndarleik í Meistaraflokk og annað sæti í tvíliða kvenna í Meistaraflokk. María Rún Ellertsdóttir silfur í einliða kvenna A flokki.

Badmintonfélag Akraness eignaðist fimm Íslandsmeistaratitla á Íslandsmóti unglunga sem átti að vera 20. – 22. mars 2020 en var haldið 26. – 27. september í Mosfellsbæ. Máni Berg Ellertsson varð þrefaldur Íslandsmeistari í U13. Arnar Freyr Fannarsson varð Íslandsmeistari í tvíliðaleik U13 og í öðru sæti í einliðaleik og tvenndarleik. Sóley Birta Grímsdóttir varð í öðru sæti í tvenndarleik U13. Hilmar Veigar Ágústsson varð Íslandsmeistari í einliðaleik U13 B flokk. Davíð Logi Atlason varð í öðru sæti í tvíliðaleik U11.



Arnar Freyr og Máni Berg Íslandsmeistara U13 í tvíliðaleik



Davíð Logi Atlason til hægri og Erik Valur BH

Hilmar Veigar Ágústsson

Keppendur hjá Badmintonfélagi Akraness tóku þátt í RIG sem haldið var hér á landi. RIG unglingameistaramót TBR var haldið dagana 6. – 7. febrúar 2021.



María Rún Ellertsdóttir sigraði í tvíliðaleik kvenna U-17

Næstu stórmót hjá unglingum er Íslandmeistaramótið sem haldið verður dagana 9. – 11. apríl 2021 á Akranesi.

Vegna kórónuveirunnar þá var ekkert Akranesmeistaramót haldið árið 2020 né lokahóf.

Minningarskjöldur Súsönnu Steinþórsdóttur var veittur og fengu María Rún Ellertsdóttir og Brynja Kolbrún Pétursdóttir hann að þessu sinni.

Drífa Harðardóttir var valin badminton maður ársins 2020 eftir góða frammistöðu á síðastliðnu ári. Drífa varð Íslandsmeistari í tvenndarleik og í öðru sæti í tvíliðaleik. Drífa kíkir á æfingar hjá ÍA þegar hún kemur til landsins og er alltaf til í að leiðbeina og aðstoða krakkana og veita þeim harða keppni á æfingum. Drífa er góð fyrirmynd fyrir badmintonkrakka á Akranesi, bæði innan vallar sem utan.



Drífa Harðardóttir (ÍA)

Landsliðsmál

Eins og undanfarin ár átti félagið fulltrúa í landsliðum Íslands og fóru þeir reglulega á æfingar og í ferðir á vegum landsliðsins.

Fimm krakkar hafa verið á föstum landsliðsæfingum í vetur. Þau Máni Berg Ellertsson, Arnar Freyr Fannarsson, Sóley Birta Grímsdóttir og Davíð Logi Atlason hafa verið í yngri landsliðshóp. María Rún Ellertsdóttir hefur verið í eldri landsliðshóp.

Engar landsliðsferðir voru á árinu 2020 vegna kórónufaraldursins.

Rekstur félagsins

Rekstur félagsins á árinu 2020 var mjög góður þrátt fyrir kórónufaraldurinn og lokun íþróttahúsa. Tekjur voru lægri en árið áður, styrkir frá Akraneskaupstað og ÍA hafa lækkað um 200.000 kr. en tekjur vegna æfingagjalda hafa hækkað um 200.000 kr. Þó svo að æfingagjöld hafi ekki hækkað heldur hafa fleiri iðkendur bæst í hópinn. Starfsmannakostnaður hefur lækkað þar sem félagið hefur eignast íslenska þjálfara og tekjur hafa myndast vegna erlenda þjálfara sem var fyrir áramótin 2019/2020.

Mikilvægt er að allir iðkendur séu duglegir að sinna fjáröflunum því ella þarf að hækka æfingagjöldin sem tekist hefur verið að halda í lágmarki undanfarin ár.

Við sjáum að tekjur af æfingagjöldum hefur verið að hækka um 200.000 kr. sem er ánægjulegt þar sem við margir nýir iðkendur hafa bæst við iðkenda fjöldann. Það er mikilvægt fyrir félagið enda löng uppbygging að baki.

Framtíðarsýn

Okkar helsta framtíðarsýn er að stækka félagið og koma okkur aftur í fremstu raðir badmintonfélaga á landinu. Okkar helstu aðferðir í ár við að fjölga iðkendum var að leyfa einum árgangi að æfa frítt ásamt því að færa nýjum iðkendum badmintonspaða að gjöf. Við vonumst til að geta haldið þessu áfram um ókomin ár. Einnig að badminton sé ein af grunníþróttum á Akranesi.

Framtíðarsýn fyrir Badmintonfélag Akraness er að koma iðkendum um og yfir 100 á næstu 4 árum og halda áfram okkar góða starfi með börnin.

Lokaorð og þakkir

Í heildina litið er félagið mjög ánægt með árið sem er að líða, krakkarnir hafa sýnt miklar framfarir og staðið sig vel á mótum og verið til sóma fyrir Badmintonfélag Akraness.

Við teljum að uppbyggingarstarfið sé byrjað og á góðri leið. Við vonumst til þess að halda okkar iðkendum og að næsta ár verði enn betra.

Blakfélagið Bresi

Árið hjá blakfélaginu Bresa var eins og hjá flestum öðrum íþróttafélögum vægast sagt mjög óhefðbundið vegna kórónuveiru faraldursins. Aðalfundur félagsins var haldinn í sal Íþróttabandalagsins þann 2. mars 2020. Á aðalfundinum voru ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir.

Breytingar voru gerðar á stjórn og er hún þannig skipuð:

Formaður: Valgerður Ása Kristjánsdóttir
Gjaldkeri: Helena Rut Steinsdóttir
Ritari: Karitas Ósk Ólafsdóttir
Varamenn: Eygló Karlsdóttir og Steindóra Steinsdóttir
Félagskjörnir skoðunnarmenn: Ingunn Sveinsdóttir og Álfheiður Ágústsdóttir

Skráðir félagar í Bresa eru 24.

Æfingar – Þjálfarar

Radoslaw Rybak hélt áfram að þjálfa liðið frá janúar og út tímabilið. Til stóð að hann yrði áfram þjálfari liðsins á næsta keppnistímabili en þar sem honum bauðst þjálfunarstaða í stærra hlutfalli hjá öðru liði þá þurfti hann að segja af sér. Hann aðstoðaði okkur þó við að finna nýjan þjálfara og tók Michal Lakomy við sem þjálfari í september.

Æfingatímar félagsins voru á mánudögum og miðvikudögum frá klukkan 19:30-21:00 og á sunnudögum frá klukkan 16:00-18:00.



Keppni/ Íslandsmót

Bresi var með 2 lið skráð í Íslandsmót á keppnistímabilinu 2019-2020. A liðið spilaði í 2. deild og endaði þar í 10. sæti af 12 liðum og féll niður í 3. deild.. B liðið spilaði í 4. deild og endaði þar í 8. sæti af 12 liðum. Síðasta keppnishelgi Íslandsmótsins féll niður vegna kórónuveiru faraldursins og voru því úrslit skráð eins og staðan var eftir tvær keppnishelgar. Á keppnistímabilinu 2020-2021 skráðum við aðeins eitt lið (3. deild) til keppni vegna dræmrar skráningar.

Boggu og Bresamót 2020

Mótið var ekki haldið í ár vegna Kórónuveiru faraldursins.

Öldungamót

Til stóð að senda tvö lið til keppni á Öldungamótinu sem halda átti í Vestmannaeyjum dagana 24.-26. apríl. Vegna Kórónuveiru faraldursins féll mótið niður.

Lokaorð

Eins og komið hefur fram hér að ofan þá var árið hjá Blakfélaginu Bresa mjög óhefðbundið. Það var ekki hægt að æfa stóran hluta ársins vegna samkomutakmarkana og lokana á íþróttamiðstöðvum. Nánast allt mótahald féll niður á árinu.

Við sjáum þó fram á bjartari tíma. Það sem af er ári hefur mæting verið góð á æfingar og hafa nýir meðlimir bæst í hópinn okkar.

Fimleikafélag Akraness

Aðalfundur Fimleikafélags Akraness var haldinn miðvikudaginn 25. mars 2020. Þá var ársskýrsla stjórnar kynnt og ársreikningar félagsins voru samþykktir.

Breytingar urðu á stjórn félagsins. Vilborg Helgadóttir kom inn sem meðstjórnandi en Jóhann Sigurðsson varaformaður lést í lok júlí eftir erfið veikindi. Aðrir stjórnarmeðlimir gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og voru sjálfkjörnir. Hafið er því fimmta starfsár núverandi stjórnar.

Stjórn félagsins 2020-2021

Formaður:	Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir
Varformaður:	Anna Þóra Þorgilsdóttir
Gjaldkeri:	Ingibjörg Indriðadóttir
Ritari:	Guðmundur Claxton
Meðstjórnandi:	Vilborg Helgadóttir
Varamaður:	Ólafur Sigurðarson og Rósa Guðnadóttir

Rekstur félagsins

Rekstur félagsins gekk ágætlega en loknu uppgjöri er tap upp á rétt rúmar 200 þúsund krónur. Engin hækkun var á æfingargjöldum hvorki á vor- né haustönn, sem var mjög ánægjulegt. Eigin fjárstaða er sterk og stendur núna í um 16,9 milljónum. Sterkur og stöðugur rekstur auðveldar allt starf félagsins og uppbyggingu þess. Telur stjórn félagsins að félagið sé vel í stakk búið til að vinna við að efla félagið enn frekar.

Félagið fór í að leita að styrktaraðilum á haustmánuðum til að styrkja reksturinn frekar og gengu nokkur fyrirtæki til liðs við félagið og fyrir það er félagið mjög þakklátt.

Fjáröflun bar keim af því ástandi sem einkenndi árið og var því með nokkru öðru sniði á árinu. Venjan er að þeir hópar sem fara erlendis í æfinga- og skemmtiferð fari fyrir fjáröflun. Félagið fór með hóp árið 2019 í æfingarferð til Ollerup í Danmörku. Stefnan er á að næsta ferð verði farin árið 2021.



Iðkendur og þjálfarar - hjartað í starfinu



Á árinu 2020 voru á vorönn 419 iðkendur í félaginu, þar af voru 119 í íþróttaskólanum og 300 almennir iðkendur. Strákar voru 65.

Félagið hóf starfsemi á haustönn í nýju húsnæði og þá fjölgaði iðkendum umtalsvert og voru 532 í heildina. Þar af voru 137 í íþróttaskólanum og 395 almennir iðkendur. Strákar á haustönn voru 126 og var það næstum helmingi aukning frá vorönn. Í samvinnu við UMSB var félagið með Parkour-námskeið í Borgarnesi. Tvö námskeið voru haldin og komust færri að en vildu

Þórdís Þöll Þráinsdóttir er yfirþjálfari félagsins og hefur starf félagsins blómstrað undir hennar stjórn og er stjórnin mjög ánægð með hennar störf. Þórdís kom úr barneignarleyfi á vormánuðum. Tveir nýir þjálfarar voru ráðnir þeir Henrik Pilgaard og Hörður Bent Víðisson. Óhætt að segja það þeir hafi við verið góð viðbót við okkar góða þjálfarahóp. Henrik hefur mikla reynslu sem þjálfari og hann heldur utan um strákafimleikana sem og kemur að þjálfun elstu hópana. Hörður kemur inn sem Parkour þjálfari en Parkour er orðin mjög vinsæl grein hjá félaginu.

Þórdís var ráðin til Fimleikasambands Íslands til að koma að þjálfun unglíngalandsliðshópsins á haustönn og sinnti hún því (eins og aðstæður leyfðu) með þjálfarastarfi hjá okkur. Við fögnum þessi tilboði og erum sannfærð að hún muni fá góða og nýja reynslu og þekkingu sem mun skila sér inn í starfið hjá okkur. Margir af okkar þjálfurum eru orðnir eftirsóttir af öðrum félögum til starfa innan FSÍ sem við lítum á sem merki um að við séum á réttri leið í uppbyggingu á okkar þjálfarahóp.

Hjá félaginu eru í dag um starfandi 31 þjálfari og erum við mjög stolt af þeim flotta hópi. Við höldum áfram að byggja upp þjálfararéttindin og hefur Þórdís umsjón með námskeiðshaldi þjálfara í samvinnu við framkvæmdastjóra.



77. ársþing ÍA

Við eigum þjálfara ársins 2020 en Brynjar Sigurðsson er þjálfari ársins hjá Fimleikasambandi Íslands 2020. Brynjar hefur starfað um árabil fyrir Fimleikafélag Akraness, ÍA, samhliða starfi sínu sem íþróttakennari við Brekkubæjarskóla á Akranesi. Í umsögn um hann segir:

Þjálfari ársins er Brynjar Sigurðsson. Hann vinnur mjög óeigingjarnt starf í þágu fimleikafélagsins á Akranesi, er alltaf boðin og búin til að hjálpa, fyrstur á svæðið ef eitthvað er um að vera og síðastur heim.

Hann er sterkur leiðtogi og burðarás í þjálfarateymi félagsins.

Hann hefur unnið hjá félaginu í bráðum 20 ár og ólíklegt er að fimleikafélagið væri jafn öflugt í dag eins og raun ber vitni, ef ekki væri fyrir eljusemi og ósérhlífni Brynjars. Við óskum Brynjari innilega til hamingju með titilinn.

Við erum stolt af okkar þjálfara og hann er vel að þessari viðurkenningu komin, til hamingju Binni okkar!

Starf félagsins

Starf félagsins fór fram á tveimur stöðum árið 2020, íþróttahúsinu við Vesturgötu og húsnæði ÞPP að Dalbraut. Óhætt er að segja að starf félagsins hafi einkennst af Covid-19. Starfið féll niður að í langan tíma á bæði vor- og haustönn. Þjálfarar buðu upp á “online” æfingar og hópeflistímar voru á netinu. Einnig fóru fram æfingar víðsvegar utandyra um bæinn. Þetta voru krefjandi tímar og erfitt að útfæra fimleikastarf á netið en með útsjónarsemi og samstöðu og samstarfi við foreldra hafðist þetta. Ákveðið var að framlengja vorönn og koma þannig til móts við iðkendur sem höfðu misst heilmikið af sínum æfingartíma. Því var boðið upp á fimleikaæfingar út júnímánuð og gafst það vel. Þar af leiðandi var ekki boðið upp á sumarnámskeið eins og hefð er fyrir.

Mikil gleði ríkti í byrjun haustannar þegar það var orðið ljóst að við gátum yfirgefið ÞPP húsnæðið og flutt okkur yfir í nýja fimleikahúsið. Þrátt fyrir miklar takmarkanir á starfinu vegna sóttvarnarlaga hefur hauststarfið verið draumi líkast. Þjálfarar og iðkendur hafa notið þess að vinna í nýja húsinu og er öll aðstaða til fyrirmyndar. Enn vantar upp á að allur búnaður sé komin en við erum von á að láta hlutina ganga og gerum það áfram. Við hlökkum mikið til að opna fimleikahúsið formlega með pompi og prakt þegar aðstæður í samfélaginu leyfa.

Við höfum séð það að húsið er fullnýtt og vorum við að vonast til að þurfa ekki að vera með margar æfingar um helgar en vegna mikillar ásóknar verðum við sennilega að hafa einhverjar æfingar um helgar. Einnig með tilkomu með nýja húsinu hafa fleiri möguleikar opnast og hægt er að bjóða upp á meiri fjölbreytileika. Í haust fórum við af stað með með fimleika fyrir “alla” en það er fyrir þá sem vilja ekki vera í keppnishóp en vilja æfa fimleika. Einn lítil áhugahópur fór af stað í haust og bindum við vonir um að þessi hópur fari stækkandi og þessi leið falli í kramið, sérstaklega hjá þeim hafa verið að æfa fimleika en hætt. Með vonandi Covid-19 lausu árum þá vonumst við til þess að geta enn frekar útvíkkað starf félagsins og boðið upp á jafnvel meiri fjölbreytileika.



Á árinu 2020 var ekkert mótahald hjá Fimleikasambandinu og hin árlega Jólasýning var felld niður þar sem við gátum ekki boðið bæjarbúum að horfa á. Sýning sem þessi er orðin fastur liður í starfi félagsins og skiptir töluverðu máli fjárhagslega, þar sem við höfum fyllt íþróttahúsið tvisvar og á þessar sýningar hafa verið að mæta allt upp í 1000 manns. Til að bregðast við breyttum aðstæðum tóku þjálfarar myndbönd af hverjum hóp og sendu út sem jólakveðju frá félaginu. Mikil ánægja var með þetta fyrirkomulag þó að vissulega hafi þetta ekki komið í stað okkar frábæru sýningar þá voru foreldrar himinlifandi með þetta. Enn og aftur sýnir það sig að með útsjónarsemi þá er hægt að nálgast flókin verkefni með góðri lausn.



Mótamál

Á árinu 2020 fóru aðeins fram tvö mót á vegum fimleikasambandsins. GK mótið fór fram á Selfossi þann 15. Febrúar. Mótið er deildakeppni í meistara- og fyrsta flokk. ÍA sendi lið í meistaraflokki á mótið sem hafnaði í 3 sæti. Bikarmótið í hóp fimleikum fer yfirleitt fram í tvennu lagi. Bikarmót 1 var, sem er bikarkeppni í eldri flokkum, fór fram helgina 7-8 mars í Stjörnunni. ÍA sendi tvö lið á mótið. Eitt í meistaraflokki sem hafnaði í 3 sæti og annað lið í 2 flokk sem hafnaði í 10 sæti. Helgina eftir átti svo Bikarmót 2, sem er bikarkeppni yngri flokka, að fara fram en var fellt niður sem og Íslandsmótið sem átti að fara fram um vorið. Keppnirnar urðu því ekki fleiri þetta árið.

Árangur félagsins á mótum ársins:

GK mótið í hóp fimleikum 2020 á Selfossi

Meistaraflokkur kvenna

3. sæti ÍA (41.250)

Bikarmót fullorðinna í hóp fimleikum 2020 í Stjörnunni

Meistaraflokkur kvenna

3. sæti ÍA (43.325)

2 flokkur kvenna

10. Sæti ÍA (38.305)

Tilnefning til íþróttamanns Akraness

Fimleikafélag Akraness tilnefndi Guðrúnu Julianne Unnarsdóttur fimleikakonu ársins 2020. Guðrún er fædd árið 2004 og æfir hóp fimleika með meistaraflokk ÍA. Hún er fædd og uppalin á Akranesi og hefur æft hóp fimleika með ÍA frá barnsaldri. Guðrún er frábær fimleikakona og lykilmaður í liði meistaraflokks. Guðrún var í vor valin í stúlkna landslið Íslands fyrir Evrópumótið í hóp fimleikum 2021. Hún er góð fyrirmynd fyrir yngri og eldri iðkendur félagsins og er vel að titlinum komin.

Guðrún hafnaði í þriðja sæti í vali íþróttamanns Akraness og erum við einstaklega stolt af þeim árangri.



Framtíðarsýn

Fimleikafélag Akraness heldur áfram að stækka með stöðugum iðkendahóp og framúrskarandi þjálfarateymi. Ákveðin óvissa var í vor um hvort að afföll yrðu í iðkendahópnum í kjölfar lokunar vegna Covid-19. Sem betur fer þá gerðist það ekki og erum við ánægð með að halda okkur iðkendum þrátt fyrir skrítna tíma. Staða félagsins er nokkuð sterk og er það í stakk búið að takast á við áframhaldandi uppbyggingu félagsins. Við höfum hug á því að vera með æfingar fyrir börn með stuðningsþarfir og er að mörgu að huga varðandi það. Einnig höfum við áhuga að bjóða aftur upp á "Goldies" sem eru æfingar fyrir fullorðna. Með tilkomu nýs hús verður hægt að útfæra leiðir fyrir þessa möguleika. Í leiðinni stuðlum við að heilbrigðari og fjölbreyttari lífsháttum íbúa á Akranesi. Til að vaxa sem félag er ljóst að aukinn stuðningur meðal foreldra þarf að aukast. Við höfum ásett okkur á síðasta starfsári að hafa starfandi foreldrafélag og er það orðið að raun. Það sem enn vantar er að vera með foreldra sem koma að skipulagi við mót og æfingarferðir.

Lokaorð

Enn eitt árið liðið hjá Fimleikafélagi Akraness og vissulega viðburðaríkt á margan hátt. Það sem stendur upp úr árið 2020 er afhending á okkar flotta nýja fimleikahúsi. Við erum mjög þakklát og það er ljóst að allur aðbúnaður og aðstaða er á öðru “leveli”. Það var mikill léttir að geta yfirgefið þpp húsnæðið og mun það vera í minningunni hversu mikið við gátum gert úr litlu. Það er að segja aðstaðan var alls ekki góð en þrátt fyrir það náði félagið að efla sig á ótrúlegan hátt. Við sjáum hins vegar strax að með bættri aðstöðu þá munum við taka enn betri framförum og verðum áfram í hópi þeirra bestu. Stjórnin vill þakka öllum þeim sem komu að starfi félagsins á einn eða annan hátt fyrir þeirra framlag. Ljóst er að starfið myndi aldrei geta verið í þessari mynd án ykkar framlags. Akranes býr við mikla möguleika í að verða eitt af fremstu bæjarfélögum í íþrótta- og tómstundastarfi og við erum sannfærð um að fjölskyldufólk horfir til þess þegar það ákveður búsetu. Íþróttabærinn Akranes heyrur maður mjög oft en því miður þá virðist það tengjast einni íþróttagrein og gleymast oft hversu fjölbreytt íþróttastarf fer hér fram. Það er mikil gróska hérna sem sýnir sig í 19 aðildarfélögum íþróttabandalagsins. Fimleikafélagið Akranes er orðið stærsta íþróttafélagið og fögnum við því. Það er einnig frábært hversu mikið samstarf er við íþróttabandalagið og þau íþróttafélög sem eru innan þess. Einnig eigum við gott og farsælt samstarf við Akraneskaupstað sem hefur stutt vel við bakið við félagið og fyrir það erum við þakklát. Lokaorðin þessara skýrslu eru gildi ÍA sem segja mjög mikið um okkar starf.


Að koma saman er byrjun
Að vera saman eru framfarir
Að vinna saman er árangur

f.h. stjórnar Fimleikafélags Akraness,
Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, formaður

Golfklúbburinn Leynir

55. starfsár Golfklúbbsins Leynis.

Golfsumarið á Íslandi árið 2020 var mjög óvenjulegt en þar hefur heimsfaraldurinn Covid-19 afgerandi áhrif. Golfþyrstir kylfingar gátu ekki svarað þorsta sýnum í hefðbundnum golfferðum líkt og tíðkast hefur til marga ára. Þess í stað var aðsókn á íslenska golfvelli mun meiri en klúbbar höfðu upplifað hingað til. Golfklúbburinn Leynir fann vel fyrir aukinni umferð sumarið 2020 því nýtt met var slegið í spiluðum hringjum á Garðavelli, en þeir fóru úr 21.720 árið 2019 í 26.852 hringi. Félagsmenn GL voru að vanda duglegir að spila sinn heimavöll en alls voru 16.600 hringir skráðir á félagsmenn eða um 62% allra skráðra hringja.



Aðalfundur 2019 og verkefni stjórnar.

Á aðalfundi GL þann 10. desember 2019 var kosin ný stjórn fyrir starfsárið 2020. Stjórn var þannig skipuð:

Pétur Ottesen, formaður.

Heimir Bergmann, gjaldkeri.

Ella María Gunnarsdóttir, ritari.

Hörður Kári Jóhannesson, meðstjórnandi.

Óli Björgvin Jónsson, meðstjórnandi.

Hróðmar Halldórsson, varamaður.

77. ársþing ÍA

Haldnir voru 24 stjórnarfundir á starfsárinu auk óformlegra funda og samtala stjórnarmanna á milli. Ástæða tíðra fundarhalda má helst rekja til þess að fjórir af stjórnarmönnum voru að

koma inn nýir eða endurnýttir og fyrsta verk nýrrar stjórnar var að ráða nýjan framkvæmdastjóra í stað Guðmundar Sigvaldasonar sem lét af störfum í lok janúar. Einnig hafði heimsfaraldurinn Covid-19 töluverð áhrif á tíðni funda, þar sem ekki var ljóst á milli vikna, hvað mátti og hvað mátti ekki með hliðsjón af þeim sóttvarnartilmælum sem í gildi voru hverju sinni.

Fyrsta verk stjórnar.


Eins og nefnt hefur verið var fyrsta verk nýrrar stjórnar að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Starfið var auglýst og var gengið til samninga við Raket Óskarsdóttur sem tók til starfa í janúar 2020. Þá var endurnýjaður samningur við Íþróttastjóra GL, Birgi Leif Hafþórsson, í febrúar 2020. Birgir Leifur sagði svo starfi sínu lausu í upphafi sumars og lauk störfum fyrir klúbbinn í lok júlí. Valdís Þóra Jónsdóttir, afrekskylfingur og félagsmaður GL kom inn í starf íþróttastjóra með stuttum fyrirvara og eru henni færðar bestu þakkir sem og Birgi Leif fyrir gott samstarf á liðnum árum. Í lok október var svo gengið frá ráðningu Valdísar Þóru í starf íþróttastjóra



Að takast á við áhrif Covid-19 var mikil áskorun fyrir GL. Huga þurfti að öflugum sóttvörnum í Frístundamiðstöðinni Garðavöllum og annarri aðstöðu klúbbsins, sem og breyttum leik í golfíþróttinni. Það var því mikið gleðiefni að kylfingar gátu leikið golf í sumar þrátt fyrir miklar efasemdir á vormánuðum. Þegar öllu er á botninn hvolft þá má segja að golfíþróttin hafi blómstrað á þessum undarlegu tímum og vafalítið hefur golfið létt mörgum lundina á umliðnu sumri.

Fjölgun félagsmanna.

Eins og kom fram snemma í máli mínu þá hefur umferðin á Garðavelli aldrei verið eins mikil og sumarið 2020. Félagsmönnum GL fjölgaði einnig mikið milli ára en þeir voru í lok sumar alls 623 samanborið við 500 árið 2019. Þá er ánægjulegt að segja frá því að konur eru nú orðnar 35% af öllum félagsmönnum en voru 23% árið 2019. Er það skoðun mín að fjölgun kvenna í starfinu sé okkar helsti vaxtarsproti í fjölgun meðlima og hvet ég alla til að leggjast á sveif með okkur í þeirri vinnu. Það að ná félagafjölda í að lágmarki 750 manns mun gjörbreyta rekstrarforsendum klúbbsins, okkur öllum til hagsbóta. Einnig varð nokkur fjölgun meðlima í fjaraðild frá nærliggjandi sveitarfélögum. Stjórn GL vill bjóða alla þá nýliða sem gengu í klúbbinn sérstaklega velkomna og vonast til að sjá þá að nýju næsta vor.



Félagsstarfið í Leyni var mjög blómlegt á starfsárinu 2020. Í vetur var bryddað upp á þeirri nýjung að bjóða félagsmönnum upp á golf Yoga í Garðavöllum. Námskeiðið sem var haldið í samvinnu við Helgu Guðnýju Jónsdóttur Yoga kennara var mjög vel sótt og er hugur í stjórn að endurtaka leikinn næsta vetur. Einnig var boðið upp á styrktarþjálfun á sérkjörum fyrir félagsmenn, hafði Jón Einar Hjaltested umsjón með þeirri þjálfun.

Mótahald á starfsárinu 2020 var með örlítið breyttu sniði en s.l. ár vegna heimsfaraldursins. Þátttaka í opnum mótum GL hefur samt sem áður aldrei verið betri og innanfélagsmótin slógu öll þátttökumet. Þó svo að veðrið hafi oft leikið kylfinga grátt á miðvikudögum þá stoppaði það ekki félagsmenn til þátttöku. Slíkt viðhorf er einstaklega vel til þess fallið að efla okkar frábæra klúbb.



Mótahald og viðburðir sumarið 2020

Á 76. ársþing ÍA sem haldið var hátíðlega mánudaginn 8. júní í Tónbergi voru félagsmenn GL, þau Þórður Elíasson og Þórunna Halldórsdóttir sæmd bandalagsmerki ÍA. Stjórn GL óskar þeim innilega til hamingju með nafnbótina og heiðursviðurkenninguna, með þeim óskum fylgja þakkir fyrir frábært starf í þágu klúbbsins.

Meistaramót GL fór fram dagana 8.-11. júlí og urðu Hannes Marinó Ellertsson og Valdís Þóra Jónsdóttir klúbbmeistarar 2020. Golfklúbburinn Leynir óskar þeim innilega til hamingju með árangurinn. Golfklúbburinn Leynir þakkar öllum félagsmönnum fyrir þátttökuna í meistaramótinu og öðrum vinningshöfum til hamingju. Ánægjulegt er að segja frá því að metþátttaka var í mótinu alls 146 kylfingar.



Í því samhengi vill stjórnin færa starfsmönnum GL þakkir fyrir faglega vinnu við mótið, eins öllum þeim sjálfboðaliðum sem lögð sitt að mörkum svo að mótið gæti orðið eins glæsilegt og raunin var. GL vill færa félagsmanninum Sigurði Elvari Þórólfsyni hjá Skagafréttum.is sérstakar þakkir fyrir að taka myndir út á golfvelli á meðan á mótinu stóð, sem og öðrum jákvæðum fréttum af félagsstarfinu nú í sumar - það er ómetanlegt. Til að kóróna meistaramótið gerði svo hinn vaski og vörpulegi Jón Svavarsson sér lítið fyrir og fór holi í höggi á 14 holi á lokadegi - frábært afrek.

Fleiri félagsmenn GL fóru holi í höggi þetta sumarið á Garðavelli en á 3 holi slógu Elísabet Valdimarsdóttir, Helga Rún Guðmundsdóttir og Guðjón Theódórsson draumahöggið. Á 8. holi fór Jón Alfreðsson holi í höggi í Opna Guinness mótinu og þá fór Guðlaugur Gunnarsson holi í höggi á 18. holi. Golfklúbburinn Leynir óskar ykkur öllum til hamingju með að vera komin í Einherjaklúbbinn.

Liðakeppni Blikksmiðju Guðmundar fór fram í sumar við góðar undirtektir félagsmanna. Keppnisfyrirkomulagið er með svipuðum hætti og keppt er í sveitakeppnum golfklúbbanna. Átta lið skráðu sig til leiks, hvert skipað 7-8 leikmönnum. Montecastillo Boys báru sigur úr bítum í úrslitaleik við Lögheimili. Golfklúbburinn Leynir þakkar Blikksmiðju Guðmundar fyrir samstarfið og stuðninginn á þessum vettvangi.

Vel heppnað hjóna- og paramót fór fram laugardaginn 30 maí og komust færri að en vildu en alls voru 46 lið skráð til leiks. GL þakkar þeim félagsmönnum sem stóðu svo myndarlega að þessu móti og þeim fjölmörgu styrktaraðilum sem lögðu sitt að mörkum til að gera það svo veglegt. Góður rómur var gerður að mótinu og næsta víst að það verður endurtekið að ári.

77. ársþing ÍA

Golfklúbburinn Leynir stóð fyrir fimm GSÍ mótum sumarið 2020 og stefnir á að halda tvö slík mót sumarið 2021.

Sveitakeppnir og afreksfólk GL

Karlasveit GL spilaði óvænt í 1. deild þetta sumarið en sveitin féll um deild sumarið 2019. Leikið var dagana 23.-25. júlí í Oddi og GKG og var niðurstaðan að Leynir fell að nýju niður í

2. deild. GL skráði ekki kvennasveit til leiks þetta sumarið.

Öldungasveit karla spilaði í 2. deild dagana 20.-22. ágúst á Kirkjubólsvelli í Suðurnesjabæ. Sveitin stóð sig með prýði og endaði í 3. sæti.

Golfklúbburinn Leynir sendi lið til þátttöku í sveitakeppni GSÍ í barna- og unglingaflokk. Allir flokkarnir stóðu sig vel og voru félagi sínu til sóma. Afrekskylfingurinn Björn Viktor Viktorsson sigraði Titleist unglingaeinvígið 2020 sem fram fór í Mosfellsbæ í september og var í afrekshópi á vegum GSÍ. Covid 19 og bakmeiðsli höfðu mikil áhrif á afrekskylfinginn Valdísi Þóru Jónsdóttur þetta keppnisárið. Hún tók þátt í þremur GSÍ mótum í vor með ágætum árangri en varð að draga sig frá öllu keppnisgolfi og æfingum í sumar vegna meiðsla. Hún stefnir þó á að koma sterk inn á



næstu mánuðum.





Margt ber að þakka

Hlutverk sjálfboðavinnu er ómetanlegt fyrir Golfklúbbinn Leyni. Vil ég þakka þeim sem unnið hafa ötult starf í nefndum fyrir GL frábært starf, einnig þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem lagt hafa hönd á plóginn í öðrum verkefnum. Ég held ég móðgi engan þó ég nefni tvo þeirra sérstaklega, en það eru þeir Halldór Jónsson og Jón Ármann Einarsson. Þeir eru komnir á staðinn með hjálpandi hönd ef bara Brynjar eða Rakel blikka auga.

Sjálfboðastarfið gegnir lykilhlutverki í félagsstarfinu og þeim mun fleiri sem leggja hönd á plóg, þeim mun betri verður umgjörðin og félagsstarfið skemmtilegra. Við getum státað okkur af fyrirmyndar félagsmönnum og konum, sem ásamt okkar glæsilega Garðavelli eru undirstöðurnar sem klúbbstarfið hvílir á af fullum og jöfnum þunga.

Öllu því góða starfsfólki sem hefur unnið á vellinum eða í afgreiðslunni, lengri eða skemmri tíma ársins þakka ég vel unnin störf. Það er ekki sjálfgefið að ná að búa til jafn faglega umgjörð og þið hafið náð að gera í sumar með framlagi ykkar og viðmóti.

Að lokum vil ég þakka meðstjórnarfólki mínu fyrir einstaklega gott, skemmtilegt og árangursríkt samstarf. Síðast en ekki síst vil ég færa framkvæmdastjóranum þakki fyrir vel unnin störf á krefjandi tímum en Rakel Óskarsdóttir – sem setti sig inn í hlutina á hraða ljóssins – var komin með alla nauðsynlega þræði í hendur sér á ótrúlega skömmum tíma.

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbsins Leynis,

*Pétur Ottesen, formaður dags 1.
desember 2020*





Hestamannafélagið Dreyri

Aðalfundur 02. febrúar 2020 í félagsheimilinu Odda, Æðarodda

Í stjórn Dreyra voru á árinu 2020 :

Formaður:	Fjóla Lind Guðnadóttir
Varaformaður:	Hjálmar Þór Ingibergsson
Ritari:	Jóna Mjöll Halldórudóttir
Gjaldkeri:	Inga Ósk Jónsdóttir
Meðstjórnandi:	Sigurður Arnar Sigurðsson
Varamenn:	Guðmundur G. Sigurðsson og Sigurður Valgeirsson

Stjórnin hittist alls 4 sinnum á fundum í félagsaðstöðu Dreyra og einnig voru mörg mál rædd á samskiptamiðli stjórnar (Facebook), í tölvupósti og í síma.

Félagar í ársbyrjun voru 258.

Frá aðalfundi 27. nóvember 2019 voru nefndir Dreyra eftirfarandi:

Nefndir Dreyra:

Skoðunnarmenn reikninga: Bergþór Helgason og María Hlín Eggertsdóttir. Til vara: Sigurður Arnar Sigurðsson (kosið er um skoðunnarmenn/fólk á framhaldsaðalfundi).

Beitarnefnd: Gísli Runólfsson, Hjálmar Ingibergsson, Guðmundur G. Sigurðsson, Inga Ósk Jónsdóttir gjaldkeri og tengiliður stjórnar.

Fræðslu- og skemmtinefnd. Sigríður Snæbjörnsdóttir, Þórdís Skúladóttir og Ólafur Guðmundsson

Hússtjórn: Inga Ósk Jónsdóttir, Ragnheiður Helgadóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir, Sigríður Snæbjörnsdóttir og Pétur Sævarsson. Tengiliður stjórnar er Inga Ósk Jónsdóttir.

Mótanefnd: Arnar Ingi Lúðvíksson, María Rasmussen og Ólafur Guðmundsson

Vallarnefnd: Guðmundur Gísli Sigurðsson.

Reiðveganefnd: Hafsteinn Daníelsson, Jón Magnússon og Guðný Elíasdóttir.

Æskulýðsnefnd: Jóna Mjöll Halldórudóttir, María Rasmussen og Guðbjartur Stefánsson

Uppstillingarnefnd: Stjórn félagsins hefur tekið við störfum uppstillingarnefndar

Reiðskemmunefnd: Ása Hólmarsdóttir, Sigurður Arnar Sigurðsson, Hörður Þorsteinn Benónýsson og Magnús Karl Gylfason.

77. ársþing ÍA

Á liðnu starfsári var starfsemi félagsins í lágmarki vegna samkomutakmarkana stóran hluta ársins. Covid 19 hafði mikil áhrif þar sem fundarhöld og mótahöld lágu niðri.

Fjórir fundir vorum haldnir með formönnum aðildarfélaga ÍA og framkvæmdastjórn ÍA. Einnig funduðu fulltrúar úr stjórn með nefndum Dreyra og höfðu samskipti við fjölmarga aðra aðila sem tengjast fjölbreyttu starfi hestamannafélaga.

Á 76. ársþingi ÍA þann 8. júní var Ása Hólmarsdóttir, fyrrum formaður, sæmd bandalagsmerki ÍA sem er veitt fyrir vel unnin störf í þágu hestamannafélagsins Dreyra.



Þann 6. janúar 2020 var Jakob Svavar Sigurðsson valinn íþróttamaður ársins á Akranesi. Jakob var vel að titlinum kominn. Hann vann til fjölda verðlauna á árinu 2019 m.a. sigraði einstaklingskeppni meistaradeildarinnar og keppti fyrir hönd Íslands á heimsmeistaramótinu í hestaíþróttum. Hann var kjörinn knapi ársins fyrir árið 2020 hjá Landssambandi hestamanna.

Formenn hestamannafélaganna á Vesturlandi funduðu tvisvar sinnum vegna fyrirhugaðs fjórðungsmóts sem halda á í Borgarnesi nú í sumar. Í undirbúningsnefnd fyrir fjórðungsmót eru Fjóla Lind Guðnadóttir og Stefán Ármannsson.

Landsþing LH var haldið rafrænt helgina 27-28 nóv. Fyrir hönd Dreyra tóku þátt formaður, ritari og auk eins fulltrúa. Helstu mál þessa þings voru kosningar formanns, umferðaröryggismál hestamanna og keppnismál.

Árið 2020 var sérkennilegt að mörgu leyti en þó var ýmislegt gert. Farið var í framkvæmdir við félagsheimilið, lagt nýtt parket og salerni endurnýjuð. Gluggar á gafli hússins skemmdust í óveðri á árinu og standa yfir lagfæringar á því.

77. ársþing ÍA

Eins og vanalega hófst okkar gleðilega hestaár með smölun úr flóanum fyrir áramót. Miðað við aðstæður í mörgum hestamannafélögum út um landið þá telst aðgengi okkar að beitarhögum á Akranesi vera mikill lúxus, enda erum við þakklát fyrir þessa aðstöðu.

Góugleði var haldin í byrjun mars og skemmtinefndin stóð auk þess fyrir nokkrum viðburðum sem gert er grein fyrir í skýrslu hennar.

Það var ágætt starf í æskulýðsnefndinni á árinu eins og heyra má nánar um í skýrslu nefndarinnar.

Árlegi umhverfisdagurinn okkar eða hreinsunardagurinn í Æðarodda og nágrenni var 25. apríl. Við vorum þátttakendur í umhverfisverkefni ÍA eins og í fyrra og fengum úthlutað „þátttökustyrk“ vegna þess. Stjórn Dreyra þakkar því úrvalsfólki sem tók til í kringum Æðaroddann. Mjög mikil þáttaka var í hreinsuninni þetta árið.



1. maí 2020. Firmakeppni.

Firmakeppni Dreyra var ekki haldin árið 2020 vegna samkomutakmarkana.


Föstudaginn 22 maí var þó haldið skemmti- þrígangsgæðingamót. Mjög góð þáttaka var í mótinu og góð stemming meðal þeirra sem mættu.

Reiðskemmumál -

77. ársþing ÍA

Þann 24. júní var undirritaður nýr uppfærður samningur ásamt nýrri kostnaðaráætlun milli Akraneskaupstaðar og Dreyra.

Í lok október var hafist var handa við jarðvinnu fyrir fyrirhugaða reiðskemmu félagsmönnum til mikillar ánægju. Nokkrir félagar tóku þátt í þeirri vinnu í sjálfböðastarfi og eiga þeir hrós skilið fyrir eljuna og dugnaðinn.



Stjórn Dreyra vill þakka öllum þeim sem hafa unnið fyrir félagið á liðnu ári. Það er ómetanlegt að geta leitað til góðra félaga í sjálfböðavinnu. Hvert handtak er dýrmætt – við þurfum bara að vera fleiri í vinnuliðinu.

Hnefaleikafélag Akraness

Stjórn félagsins árið 2019

Formaður:	Steinunn Inga Sigurðardóttir
Varaformaður:	Eyþór Helgi Pétursson
Gjaldkeri:	Birna Árnadóttir
Meðstjórnendur:	Bjarni Þór Benediktsson

Aðalfundur

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 25. mars 2020 í Íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum.



Iðkendur

Iðkendum fækkaði mikið árið 2020, skráðir iðkendur fyrir árið 2020 eru einungis átta.

Annað

Stjórn ákvað að skrifa ekki ársskýrslu þar sem ekkert var að gerast á árinu vegna heimsfaraldurs.



Karatefélag Akraness

Stjórn KAK

Formaður:	Gyða Einarsdóttir
Gjaldkeri:	Berglind Erna Þórðardóttir
Meðstjórnendur:	Sigrún Margrét Halldórsdóttir, Þráinn Haraldsson og Katrín Lilja Jónsdóttir

Frá stjórn KAK

Starfsemi Karatefélags Akraness hefur gengið ágætlega þrátt fyrir Covid heimsfaraldur. Árið byrjaði vel með met skráningu í félagið um 50 iðkendur í fjórum flokkum: karateskóli fyrir byrjendur, flokkur II (gulbeltingar), flokkur I (appelsínugul belti +) og meistaraflokk (14 ára og eldri). Félagið stefndi að því að senda stóra hópa til keppni á árinu. En félagið náði aðeins að keppa á Reykjavíkurleikunum og fyrsta mótinu í Grand prix þegar allt var stöðvað vegna Covid. Það var óvíst á tímabili hvernig við ætluðum að klára önnina en með frábærum þjálfurum þá var haldið áfram æfingum í gegnum Zoom og með heimaæfingum. Vorönnin var lengd fram í júní og með aukaæfingum þá náðum við að gráða hópana fyrir sumarið. En það reynir á alla að geta ekki hist, skipulagt félagsstarfið og haldið úti félagslífi fyrir krakkana. Rekstur félagsins gekk þó upp með Covid styrkjum frá Akraneskaupstað og ÍSí.

Þjálfarar

Aðalþjálfari KAK á árinu 2020 var Vilhjálmur Þór Þóruson. Aðstoðarþjálfarar eru þau Amalía Sif Jessen og Krístrún Bára Guðjónsdóttir. Villi hefur mikla reynslu í þjálfun í karate og er einnig aðalþjálfari Karatedeildar Breiðabliks. Aðstoðarþjálfarar eru með svart belti og hafa því góða reynslu til að miðla áfram til yngri iðkenda.

Gráðanir

Þrátt fyrir samkomutakmarkanir þá náði félagið að gráða krakkana 16.júní eftir að hafa framlengt æfingatímabilið um mánuð. Það var virkilega ánægjulegt að ná að klára vorönnina. Haustönnin kláraðist líka með gráðun 11.desember. Gráðun fór fram án foreldra. Félagið var með beina útsendingu á Zoom fyrir foreldra til að fylgjast með gráðuninni.



Hér er mynd eftir gráðun í eldri flokkum 2020.

Karatemaður KAK árið 2020

Í útnefningu til íþróttamanns Akraness tilnefndi Karatefélag Akraness Krístrúnu Báru Guðjónsdóttur sem Karatemann ársins 2020. Krístrún Bára er fædd 2003.

Hún er í fremstu röð í karate og hefur náð góðum árangri á mótum fyrir hönd Karatefélags Akraness á síðustu árum og keppir núna í aldursflokki 16 – 17 ára. Krístrún keppir í kata sem er hennar keppnisgrein innan karate og þar er hún í sterkum hóp karatekvenna á Íslandi.

Hún keppti á RIG 2020 Reykjavík International Games í kata þar sem hún náði 3.sæti í female Junior flokki. Hún varð einnig í 3.sæti á fyrsta Grand Prix móti KAÍ í flokki 16-17 ára. Á Íslandsmótinu í kata varð hún í 3 sæti í flokki 16-17 ára og 5.sæti í flokki fullorðinna í kata kvenna.

Krístrún hefur verið valin í unglingalandsliðið. Það hafa því miður ekki verið nein mót erlendis á þessu ári.



Þátttaka og árangur á mótum 2020

Grand Prix mót KAÍ

Aðeins náðist að halda 1 mót af 3 í Grand Prix mótaröðinni. Krístrún Bára náði þar 3.sæti í flokki 16.17 ára.

Reykjavík International Game – RIG


KAK átti aðeins 1 keppenda á RIG mótinu. Krístrún Bára náði þar 3.sæti í female Junior flokki.

Íslandsmeistaramót barna og unglinga í KATA var felld niður 2020 Íslandsmeistaramót fullorðinna

Mótið var haldið í október með takmörkunum og engum áhorfendum. Krístrún Bára lenti þar í 3 sæti í flokki 16-17 ára og 5.sæti í flokki fullorðinna í kata kvenna. Ólafur Dan fyrrum keppandi fyrir KAK en keppti fyrir Breiðablik náði að verða Íslandsmeistari í hópkata.

Miðlun upplýsinga og fréttir af félaginu

KAK notar Sportabler til að miðla upplýsingum til foreldra og setur þar inn upplýsingar um æfingar og æfingar falla niður. Því skiptir miklu máli að foreldrar og iðkendur setji upp Sportabler og eigi þar samskipti við félagið. Einnig setti félagið upp Instagram síðu karate_Akranes til að segja frá fréttum, vera með verkefni fyrir krakkana og vera með myndir fyrir foreldra sem hafa ekki getað komið á gráðanir eða æfingar.



Hópmynd eftir eina æfingu á Zoom



Bleik æfing með íspinu

Fjármál og rekstur

Árið 2020 var rekstrarlega í góðu jafnvægi hjá KAK. Félagið hefur mest af tekjum sínum af félagsgjöldum og einnig styrki frá Akraneskaupstað



Keilufélag Akraness

Stjórn Keilufélags Akraness 2020:

Formaður: Einar Jóel Ingólfsson

Varaformaður: Ársæll Rafn Erlingsson

Gjaldkeri: Sigurður Þorsteinn Guðmundsson

Ritari: Guðjón Gunnarsson

Meðstjórnendur: Ingi Geir Sveinsson

Varamenn: Björn Þór Gunnarsson og Magnús Sigurjón Guðmundsson.

Árið 2020, árið sem einkenndist af keppnis- og æfingarbönnum.

Orð ársins var Covid-19

En þrátt fyrir það þá má segja að þetta hafi verið gott ár fyrir Keilufélag Akraness.

Þetta var árið sem við fengum nýjar keiluvélar og salurinn fékk upplýftingu.

Þó að árið hafi ekki endað vel hvað Íþróttir varðar þá hófst það vel.

Ungmennin okkar stóðu sig vel í meistarakeppni ungmenna

En þar urðu þeir Jóhann Ársæll Atlason og Ísak Freyr Konráðsson í 1. sæti í sínum flokkum.

Íslandsmót unglunga fór fram í mars og unnust þar tveir Íslandsmeistaratitlar, Hlynur Helgi Atlason í 2.fl. Pílti og Sóley Líf Konráðsdóttir 3.fl. Stúlkna.

Sigurður Þorsteinn Guðmundsson varð Íslandsmeistari einstaklinga með forgjöf og

Jóhann Ársæll Atlason fór með Ungmennalandsliði Íslands á vináttuleika sem haldnir voru í Katar þar sem hann spilaði sinn fyrsta 300 leik.

Deildarliðinn okkar gengu vel, sum voru í baráttu um efstu sætin og önnur um miðja deild.

Svo rann 20. mars upp, allt stopp, engar æfingar, engin keppni.

Það fór svo að um miðjan Apríl var keppnistímabilið bráðið af, sumarið leið og haustið kom.

Nýtt tímabil að hefjast, bjart framundan, eitthvað um covid en spilað, en það entist ekki lengi.

Þann 8. október. var öllu íþróttaiðkunnn bönnuð á höfuðborgarsvæðinu og þar með talinn keppni í keilu.

77. ársþing ÍA

En við gátum haldið áfram okkar æfingum eða þar til 31. Október, þá var öllu skelt í lás og því miður átti það eftir að gilda um keppni út árið.

Nú er þetta skýtna ár liðið og nýtt tekið við, ár með nýjum áskorunum.

Ein af þeim áskorunum er að stækka okkar iðkenda hóp.

Það er bjart framundan með nýjum vélum, betri aðstöðu og vel menntuðum þjálfarahóp.



Klifurfélag Akraness

Stjórn félagsins

Í stjórn Klifurfélags ÍA árið 2020 voru:

Formaður:	Sigurður Reynisson
Gjaldkeri:	Sturla Már Guðmundsson
Ritari:	Valgerður Jónsdóttir
Meðstjórnendur:	Finndís Birgisdóttir og Arnór Már Guðundsson

Iðkenda fjöldi, flokkar og þjálfaramál

Yfirþjálfari félagsins er Þórður Sævarsson. Einnig voru þau Jón Hjörvar Valgarðsson og Sjöfn Jónsdóttir kölluð til afleysinga þegar svo bar undir.

Iðkenda fjöldi hélst nokkuð stöðugur árið 2020, í kringum 80-90 klifrarar á aldrinum 4-60 ára. Boðið var upp á leikskólahóp (Kátt í klifri), fjóra grunnskólahópa og hóp fyrir fullorðna, sem er hlutfallslega sá hópur sem mest hefur fjölgað í.



Mynd sem sýnir þær áskoranir sem margir glímdu við

Helstu viðburðir og þættir í starfi félagsins

Árið verður helst minnst sem árið þar sem flest fór úr skorðum. Klifrarar, líkt og annað íþróttafólk, fóru ekki varhluta af því ástandi sem ríkir í þjóðfélaginu og Covid – 19 sett stórt strik

77. ársþing ÍA

Í reikninginn hvað varðar viðburði og annað starf félagsins.

Fresta þurfti fyrirhugaðri æfingaferð til Frakklands sem plönuð var á vordögum 2020, en í staðin fór hluti hópsins helgarferð á Hnppavelli þar sem þau kynntust íslensku klifri við bestu aðstæður.

Fyrirhuguðu klifri á Sumaradaginn fyrsta var frestað.

Fresta þurfti jólamót ÍA vegna Covid.

Rúmlega helmingur félagsins var í desember mánuði sendur í sóttkví vegna Covid smits, en sem betur fer barst það smit ekki lengra og iðkendur sluppu fyrir horn.

Boðið var upp á Skötuklifur á Þorláksmessu og Litlu jól ÍA voru haldin milli jóla og nýárs.

Báðir viðburðir voru vel sóttir af ÍA klifrurum.

Vegna samkomutakmarkana þurfti að fella niður æfingar bæði á vor- og haustönn en gerðar voru tilraunir með "netæfingar" þar sem þjálfari setti inn heimaæfingar fyrir iðkendur.

Hrekkjavökumót ÍA fór fram í tveimur hlutum; eldri hópar kláruðu sitt mót en mót yngri hópa frestaðist fram yfir samkomutakmarkanir á haustönn.

Við náðum þó að fara í nokkrar æfingaferðir, m.a. á Laugarvatn, stutta ferð á Grundarfjörð og eitthvað af styttri æfingaferðum í Akrafjallið

Við buðum upp á útiklifur í Akrafjalli á Hreyfiviku UMFÍ og á vordögum færðust æfingar að miklu leyti aftur út, bæði í Akrafjallið og í Elínarhöfða.



Þátttaka og gengi í mótum

Mikil röskun varð á mótahaldi árið 2020.

Á endanum tókst þó að ljúka þremur af fjórum mótum í grjótglímumótaröðinni, með því að færa mót númer þrjú yfir á 2021 og fella niður fjórða mótið.

Í samlagðri mótaröð enduðu tveir ÍA-klifrarar á palli, þau Sverrir Elí Guðnason í C-flokki og Sýlvía Þórðardóttir í B-flokki, en þau hlutu bæði bronsverðlaun.

Brimrún Eir Óðinsdóttir og Sýlvía Þórðardóttir unnu sér inn pláss í landsliðshóp Íslands fyrir árið 2020, ásamt því sem þjálfari ÍA var settur landsliðsþjálfari fyrir yngri hópa, en fyrirhuguðu

77. ársþing ÍA

Norðurlandamóti var síðar frestað vegna aðstæðna. Mótið hefur nú verið sett á ágúst 2021 og sami landsliðshópur stefnir á að taka þátt í keppninni, að viðbættum klifurum fæddum 2007, sem koma ný inn í landsliðið. Úrtaka fyrir það hefur ekki verið ákveðin.

Þórkatla Þyrí Sturludóttir varð Bikarmeistari í C-flokki 2020 og Tinna Rós Halldórsdóttir hafnaði í því þriðja.

Brimrún Eir Óðinsdóttir klifraði fyrir ÍA á Reykjavík International Games, og var það í fyrsta skiptið sem klifur er með á Reykjavíkurleikunum.



Viðurkenningar og tilnefning til íþróttamanns Akraness

Klifrari ársins 2020 hjá ÍA er Sýlvía Þórðardóttir.

Sýlvía átti mjög gott klifurár 2020. Hún landaði silfurverðlaunum fyrir ÍA á Bikarmeistarmóti Íslands í grjótblímu og hafnaði í þriðja sæti á Íslandsmeistamótaröðinni í grjótblímu í B-flokki. Sýlvía var valin í landsliðshóp Íslands fyrir Norðurlandamótið 2020 í Kaupmannahöfn, og stefnir hún ótrauð á að halda því sæti fyrir næsta ár.

Sýlvía hefur einbeitt sér að útiklifri á þessu ári og þar hefur hún náð frábærum árangri. Hún klifraði í allt 22 nýjar leiðir í línuklifri, þar af 15 leiðir af gráðunni 5.10a til 5.11a.

Hún klifraði sína fyrstu leið af gráðunni 5.11a, leiðina "Miklagljúfur" á Hnappavöllum. Meðal annara leiða ársins hjá Sýlvíu eru "Kratatá", "Kokteill" og "Siðaskiptin", sem hún fór (onsight) og eru gráðaðar 5.10d, "Sólarmegin", "Karlinn í brúnni" og "Sumardraumur" 5.10c, og "Can Can" 5.10b.

Sýlvía er samviskusöm, æfir af kappi og áhuga, og er klifrari fram í fingurgóma. Hún er vel komin að titlinum Klifrari ársins 2020 hjá ÍA.



Knattspyrnufélagið Kári

Stjórn Knattspyrnufélagsins Kára 2020

Á aðalfundi Knattspyrnufélagsins Kára 2020 voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Formaður	Sveinbjörn Geir Hlökkversson
Gjaldkeri	Valdimar Kristmunds Sigurðsson
Ritari	Ólafur Már Sævarsson
Meðstjórnendur	Eypór Ólafur Frímannsson og Valgeir Valdi Valgeirsson
Varamenn	Arnar Freyr Sigurðsson og Helga Sif Halldórsdóttir

Almennt

Undir lok árs 2019 var ljóst að breytingar yrðu í þjálfaramálum, en Ingimar Elí Hlynsson sem hafði unnið frábært starf sem þjálfari liðsins hafði ekki tök á að halda áfram sem þjálfari Kára. Við tók leit að eftirmanni og eftir nokkrar áhugaverðar umsóknir var ákveðið að ráða Jón Aðalstein Kristjánsson í starfið. Það samstarf dugði hins vegar ekki í nema nokkra mánuði og stuttu fyrir mót var farið í leit að nýjum þjálfara Kára. Ákveðið var að ganga til samninga við fyrrum landsliðsmanninn og margfaldan Íslandsmeistara Gunnar Einarsson. Hallur Freyr Sigurbjörnsson hélt svo áfram sem styrktarþjálfari Kára. Viðbót á árinu voru svo sjúkrapþjálfara Kára, en þá stöðu mönnuðu þeir Bjarki Sigmundsson og Bjarki Reyur Jóhannesson.

Samstarf Kára og KFÍA var endurnýjað snemma árs enda frábært tækifæri fyrir unga og efnilega leikmenn KFÍA til að hefja Meistaraflokksferill sinn í fótbolta í krefjandi deild og að auki góður styrkur í leikmannamálum fyrir Kára. Stjórnin hélt áfram viðskiptasambandi sínu við Icepharma sem aðalbirgi Kára varðandi búningar félagsins sem og annan fatnað og íþróttabúnað frá Nike.

Fjáröflun félagsins var í mikilli óvissu enda ástandið í þjóðfélaginu án nokkurra fordæma, Covid-19 og þær hömlur sem þeim faraldri fylgdi settu margt í mikla óvissu og ljóst að tekjutapið yrði töluvert.

Fjárafilanir og fjárhagsleg staða

Fram undan á árinu 2020 var þriðja ár félagsins í 2.deild eftir nokkuð erfitt tímabil árið á undan þar sem liðið var lengi vel í botnbaráttu, en náði þó að spyrna sér frá neðstu liðunum undir lok móts. Það varð strax ljóst með nýjum þjálfara og meiri festu að liðið ætlaði sér betri árangur á árinu. Fram undan gríðarlega krefjandi og spennandi ár með mikið af löngum og kostnaðarsömum ferðalögum.

Fjárhagsleg staða félagsins var sem betur fer mjög góð í upphafi árs og var fjárhagsleg endurskipulagning félagsins að skila þeim góða árangri og það hefði ekki mátt koma á betri tíma miðað við þann faraldur sem átti eftir að geysa. Félagið naut stuðnings nokkurra fyrirtækja, bæði á Akranesi og víðar sem hjálpaði mikið til við reksturinn. Að auki hjálpaði miðasala, ársmiðasala og kaffisala félagsins miklu við reksturinn ásamt humarsölu félagsins. Tekjur af miðasölu í fyrstu leikjum félagsins var með eindæmum góð og í kringum 300 manns á fyrstu leikjum félagsins, sem hrakaði svo mikið með tilkomu hertra aðgerða vegna Covid-19. Félagið tók líka að sér nokkur góð verkefni sem leikmenn og stjórnarmenn unnu sómasamlega og skiluðu fínun tekjum til félagsins. Styrktaraðilar gátu valið um nokkrar mismunandi leiðir til að styrkja félagið. Helstu styrktaraðilar Kára á árinu 2019 voru Skagaverk, Domusnova, Dominos, Ritari, MargtSmátt, Metabolic, VLFA, RAFPRO, Apótek Vesturlands, Galito, Landsbankinn, Toppútlit, GJ Málun, Prentmet, Kallabakarí, Íslandsbanki, Sjóvá Almennar og Fagtækni.

Iðkenndafjöldi og þjálfaramál

Fjöldi iðkennda á árinu var breytilegur eftir tímabilum, en kjarni hópsins var þó nokkuð stór og öflugur í bland við efnilega leikmenn úr 2.flokki KFÍA. Á árinu æfðu á um 50 leikmenn að einhverju leyti með félaginu, en þó mismikið og sumir tímabundið. 20 strákar tóku þátt í fótbolli.net mótinu sem hófst í lok janúar og 24 strákar tóku þátt í Lengjubikarnum sem var svo blásinn af vegna Covid-19, en í báðum þessum mótum tóku nokkrir 2.flokks strákar þátt í leikjum liðsins. Gríðarlega sterkur og stór hópur Káramanna í bland við marga af efnilegustu leikmönnum KFÍA æfðu og spiluðu með félaginu á undirbúningstímabili félagsins, sem og á keppnistímabilinu. Fjöldi iðkennda sem tók þátt í Bikarkeppni KSÍ og Íslandsmótinu 2.deild voru um 30 leikmenn, bæði Káramenn og 2.flokks strákar.

Þjálfaramál félagsins voru því miður ekki eins og best verður á kosið annað árið í röð, en eftir að eftir um nokkurra mánaða starf sagði Jón Aðalsteinn Kristjánsson starfi sínu lausu vegna aukinnar vinnu vegna Covid-19. Káramenn voru því þjálfaralausir rétt áður en 2.deild hófst. Til mikillar lukku að þá sóttu margir færir knattspyrnuþjálfarar um starfið. Niðurstaðan úr þessum umsóknum var að ganga strax til samninga við Gunnar Einarsson sem var þá þjálfari 3.flokks Vals og hafði áður aðstoðað Sigurstein Gíslason hjá Leikni Reykjavík, en Gunnar skartaði að auki frábærum ferli sem knattspyrnumaður og með bæði landsleiki og nokkra Íslandsmeistaratitla á bakinu með KR og Val. Gunnar kom með ákveðna festu og gæði inn í starf Kára, en eftir flott fyrsta tímabil var hann ráðinn til Víkings Ólafsvík. Káramenn þurftu sem betur fer ekki að leita langt í að finna eftirmann Gunnars, því Ásmundur Haraldsson bauð sig fram í verkið og lítið annað í stöðunni en að ganga til samninga, enda Ási gríðarlega reyndur þjálfari, en hans síðasta verkefni var aðstoðarþjálfarastaða hjá Óla Kristjáns í FH, en þar á undan hafði hann verið aðstoðarþjálfari kvennalandsliðsins og þar á undan komið Gróttu upp úr 3.deild í þá fyrstu svo einhver dæmi séu nefnd. Ekki skemmdi fyrir að um heimamann var að ræða, en Ási hefur verið búsettur á Akranesi í nokkur ár og var gríðarlega áhugasamur fyrir þjálfun Kára.

Helstu viðburðir

Stærsti viðburðurinn á árinu var klárlega þátttaka félagsins á Íslandsmótinu 2.deild, en þar að auki tók félagið þátt Mjólkurbikarnum sem er bikarkeppni KSÍ, Lengjubikarnum b-deild og fotbolti.net mótinu c-deild. Að auki lék félagið nokkra æfingaleiki á árinu. Ýmislegt var gert til að halda uppi góðum félagsanda í félaginu og fór liðið til að mynda í æfingaferð í Borgarnes þar sem var gíst á B59 Hótel, haldin skemmtikvöld o.s.frv. Tilkynnt var svo um kosningu leikmanna og þjálfara á besta leikmanni ársins sem og efnilegasta leikmanni ársins. Nokkuð afgerandi kosning var um besta leikmanninn, en það var markmaðurinn stóri Dino Hodzic sem hlaut nafnbótina þetta árið. Efnilegasti leikmaður liðsins var svo valinn Elís Dofri Gylfason. Andri Júlíusson fékk svo gullskóinn eftir að hafa sett 8 mörk í 19 leikjum í 2.deildinni. Dino Hodzic var svo að auki valinn ÍA-TV leikmaður ársins.



Þátttaka og gengi í mótum

Káramenn hófu snemma undirbúning fyrir sitt annað ár í 2.deild og ljóst að menn ætluðu sér stærri í ár og stefnan að gera betur en árið á undan þegar liðið var í botnbaráttu þar til örfáir leikir voru eftir. Fyrsta móti ársins var fotbolti.net c-deild. Liðið var í riðli með KV, KFS og Hvíta Riddaranum, en liðið endaði í öðru sæti með 4 stig af 9 mögulegum og spilaði því um 3.sætið gegn Augnabliki, en sá leikur tapaðist í vítaspyrnukeppni og Kári endaði því í 4.sæti mótsins. Lengjubikarinn b-deild hófst svo í kjölfarið, en aðeins náðist að spila 3 leiki þar til mótinu var hætt vegna Covid-19, en liðið var með 3 stig úr þeim þremur leikjum sem liðið náði að spila. Bikarkeppni KSÍ, Mjólkurbikarinn hófst svo í byrjun júní, en þar spiluðu Káramenn útileik gegn KV í Vesturbænum sem fór 0-3 fyrir Káramenn eftir framlengingu og liðið komið áfram í næstu umferð. Káramenn drógust gegn Leikni Reykjavík og ljóst að erfið viðureign væri fyrir höndum og erfið var hún, niðurstaðan 5-0 fyrir Leiknismenn og Káramenn úr leik í 64-liða úrslitum þetta árið. Káramenn hófu svo Íslandsmótið 2.deild 17.júní, en Káramenn hófu mótið gegn Selfyssingum á heimavelli, úr varð mikill markaleikur sem endaði með 3-4 tapi. Næstu leikur var útleikur gegn Þrótti Vogum sem endaði með jafntefli, þar á eftir kom tap gegn KF á útivelli og svo jafntefli við Kórdrengi á heimavelli og ljóst að uppskeran var ansi rýr í fyrstu fjórum leikjum liðsins eða 4 stig. Fyrsti sigur Káramanna kom svo á heimavelli þann 11.júlí gegn ÍR 1-0 og í kjölfarið náði liðið í sigur gegn Víði Garði og Dalvík/Reyni og staðan orðin allt önnur eða 11 stig eftir 7 leiki og liðið nálægt

toppinum. Framhaldið var mjög misjafnt enda mjög óvenjulegt tímabili í gangi þar sem Covid-19 spilaði stórt og mikið hlutverk, en liðið spilaði vel og hver einn og einasti leikur var hörkuleikur sem endaði með jafntefli, naumum sigri eða tapi, en svo fór að lokum að deildin var stoppuð í Október þegar tveir leikir voru eftir fyrir hvert lið. Káraliðið sigraði 7 leiki, gerði 4 jafntefli og tapaði 9 leikjum með markatöluna 33:31 og endaði í 7.sæti deildarinnar með 25 stig. Töluvert betri árangur en árið á undan og liðið aldrei í neinni hættu á að lenda í botnsætum deildarinnar né í möguleika á toppsætunum tveimur sem gáfu sæti í Lengjudeildinni 2021. Sem sagt ágætis tímabil sem innihélt 20 hörkuleiki og niðurstaðan í deildinni þokkalega ásættanleg.



Lokaorð og þakkir


Árið 2020 var áhugavert á margan hátt og spilaði Covid-19 þar stórt hlutverk. Liðið hafði bætt sig á hverju ári 5 ár í röð þar til kom að árinu 2019, en kom sér aftur á sporið árið 2020 með því að bæta árangur sinn þar sem liðið endaði í 7.sæti samanborið við 10.sæti árið 2019. Árið 2020 gekk betur en á horfðist og rekstur félagsins í góðum málum þrátt fyrir mikið högg í tekjur félagsins, en fjárhagslegt skipulag ársins á undan hjálpaði þar mikið til.

Það er gríðarlega stór hópur leikmanna sem nýtur góðs af starfi Kára, félagið inniheldur frábæra blöndu af eldri og reyndari leikmönnum og svo stórum hópi af ungum og efnilegum leikmönnum, en stór hópur stráka á 2.flokks aldri tók þátt að einhverju leiti í leikjum félagsins á árinu 2020 sem er góður grunnur fyrir framtíðina, því að spila ungur í meistaraflokki er gríðarlega mikilvægt.

Félagið fagnaði 10 ára starfsafmæli á árinu og er ótrúlegt að sjá hvert félagið er komið í dag miðað við upphaf þess árið 2011 þegar félagið spilaði í neðstu deild og var að mestu skipað leikmönnum sem vildu halda áfram í fótbolta hér á Akranesi. Nú í dag hefur Kári verið öflugasta venslalið landsins í nokkur ár og er starfið fyrirmynd margra félaga sem hafa ákveðið að feta í fótspor Kára og ÍA. Stór hópur leikmanna sem hafa komið við hjá Kára spila í dag í efstu deildum á Íslandi og ljóst að það góða starf sem Kári býður upp á er að nýtast við að koma ungum leikmönnum lengra í sínum ferli.

Knattspyrnufélagið Kári vill svo enda á því að þakka öllum þeim sem komu að starfsemi félagsins með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir stuðninginn. Félagið vill senda miklar þakkir til allra styrktaraðila félagsins og viljum svo senda sérstakar þakkir til Skagaverk sem hefur verið aðalstyrktaraðili Kára síðustu 10 ár. Að lokum sendum við frábærar kveðjur til þess góða fjölda sem mætti á völinn og studdu Kára á árinu 2020 og vonum við að við munum sjá sem flesta aftur á nýju tímabili 2021.

Fyrir hönd Knattspyrnufélags Kára



Sveinbjörn Geir Hlöðversson
Formaður Knattspyrnufélags Kára



Knattspyrnufélag ÍA

Almennt

Allir sem stunda íþróttir eða taka þátt í íþróttastarfi vita að árið 2020 var mikil áskorun vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Erfiðleikarnir þjöppuðu hins vegar Skagamönnum saman eins og svo oft áður. Á árinu 2020 hafa iðkendur, þjálfarar og starfsmenn, stjórnarfolk, sjálfboðaliðar og stuðningsaðilar Knattspyrnufélags ÍA haldið starfinu gangandi svo að mikill sómi er að. Það er á svona tímum sem orð eins og íþróttabærinn og knattspyrnubærinn fá aukið vægi og skilningur eykst á því að íþróttir skipta miklu máli í þroska ungs fólks.

Akraneskaupstaður er mikilvægur bakjarl Knattspyrnufélags ÍA og það er því sérstaklega ánægjulegt að bæjarfélagið tilkynnti í upphafi ársins 2021 áform um að leggja aukið fé til íþróttar á Akranesi sem knattspyrnufélagið mun njóta góðs af eins og öll aðildarfélag Íþróttabandalags Akraness. Fyrir það ber að þakka þegar árið 2020 er gert upp og horft er fram á veginn.

Strákar og stelpur börðust hetjulega á vellinum sumarið 2020 og margir ungir leikmenn öðluðust mikla reynslu sem á eftir að nýtast þeim vel. Sama má segja um þjálfara og starfsmenn félagsins sem sýndu mikinn dugnað, metnað og fagmennsku við erfiðar aðstæður og þar sem leitað var nýrra leiða í þjálfun og samskiptum við iðkendur í faraldrinum.

Margt bendir til þess að árið 2021 verði mikil áskorun fyrir Knattspyrnufélag ÍA eins og fjölmara aðra vegna þess að áfram mun Covid-19 faraldurinn hafa bein og óbein áhrif á starfið. Þrátt fyrir það er ástæða til að horfa með bjartsýni á knattspyrnusumarið framundan m.a. þar sem byggt verður á þeim mikla efnivið uppaldra leikmanna. Framundan eru æfingar og undirbúningur fyrir fótboltaárið 2021 og þá þarf Knattspyrnufélag ÍA enn betur en áður að ná fram þeim mikilvæga kjarna baráttu sem hefur einkennt Skagamenn um langt árabil.

Starf Knattspyrnufélags ÍA byggir á mikilli samvinnu þar sem samþætta þarf faglegt starf og auknar kröfur sem gerðar eru til þjálfara, dómara og starfsmanna og aðkomu sjálfboðaliða og styrktaraðila að starfinu. Öllu þessu góða fólki sem starfar undir merkjum Knattspyrnufélags ÍA bera að þakka fyrir frábær störf á umliðnu ári.

Starfsmannamál

Sigurður Þór Sigursteinsson lét af störfum framkvæmdastjóra í lok mars og ákvað stjórn félagsins að ráða Geir Þorsteinsson sem starfaði með Hlína Baldurssyni, skrifstofustjóra, á skrifstofu félagsins. Skarphéðinn Magnússon var yfirþjálfari í fullu starfi en auk hans voru 5 þjálfarar í fullu starfi. Alls störfuðu á annan tug þjálfara hjá félaginu á árinu 2020. Þjálfari meistaraflokks karla var Jóhannes Karl Guðjónsson og meistaraflokks kvenna Unnar Garðarsson. Páll Gísli Jónsson, markvarðþjálfari meistaraflokks karla, og Ingimar Elí Hlynsson, aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla, létu af störfum í lok árs.

Stjórn og uppeldissvið

Stjórnir Knattspyrnufélags ÍA eru tvær og eru þær skipaðar 15 fulltrúum. Stjórnin hélt 118 bókaða fundi á starfsárinu og uppeldissvið hélt 14 bókaða fundi.

Eftirfarandi aðilar skipuðu stjórnir félagsins á starfsárinu 2020-2021:

Stjórn:

Formaður: Magnús Guðmundsson

Varaformaður: Heimir Fannar
Gunnlaugsson

Gjaldkeri: Pálmi Haraldsson

Ritari: Ragnar Þór Gunnarsson

Meðstjórnendur: Áslaug Ragna Ákadóttir
Hjálmur Dór Hjálmsen
Jónína Víglundsdóttir
Þórir Björgvinsson
Ellert Jón Björnsson

Barna og unglingaráð

Formaður: Linda Dagmar Hallfreðsdóttir


Meðstjórnendur:

Jófríður María Guðlaugsdóttir
Jóhannes Hjálmar Smárasen
Rannveig Guðjónsdóttir
Linda Dagmar Hallfreðsdóttir
Sædís Alexía Sigmundsdóttir

Kjörnefnd var skipuð þeim Magnúsi D. Brandssyni formanni, Margréti Ákadóttur og Þórði Guðjónssyni.

Skipurit Knattspyrnufélag ÍA

Janúar 2021



Fjármál og rekstur

Knattspyrnufélag ÍA glímdi við erfiðleika í rekstri félagsins á starfsárinu. Félagið þurfti að hagræða í rekstri sínum vegna Kórónufaraldursins og umtalsverðs rekstrartaps frá fyrra starfsári. Með samstilltu átaki sem fól m.a. í sér launalækkun á öllum sviðum og sölu leikmanna félagsins tókst að reka félagið með hagnaði. Rekstrartekjur voru rúmar 210 milljónir kr. en rekstrargjöld rúmar 207 milljónir kr. sem gerði rekstrarafgang að teknu tilliti til fjármagnsliða upp á 2,7 milljónir króna.

Starf yngri flokkanna

Starf yngri flokkanna gekk heilt yfir mjög vel á árinu 2020. Árið var þó mjög óhefbundið og hafið Covid-19 mikil áhrif á æfingar og keppni. Stóru mótin náðu þó að fara fram og ÍA tók þátt í NÁM 20, Orkumótinu og TM mótinu í Eyjum, N1 mótinu á Akureyri, Símamótinu í Kópavogi og Rey Cup. Íslandsmótið kláraðist hjá öllum flokkum nema hjá 2.fl. karla og kvenna. 2.fl.kv. komst upp úr B deild og B liðs 2.fl.ka. urðu Íslandsmeistarar í keppni B liða. Þjálfarar félagsins stóðu sig vel þegar Covid stopp voru og héldu úti heimaæfingum á meðan. Þjálfarar KFÍA settu upp heimaæfingasíðu sem iðkendur geta alltaf leitað í til að fá hugmyndir að æfingum.

Samantekt um árangur yngri flokka 2020

2. flokkur kvenna stóð sig mjög vel í sumar. Stelpurnar enduðu í 2. sæti B-riðils og komust upp í A-deild. Þjálfari liðsins var Aron Ýmir Pétursson og honum innan handar voru Björn Sólmar og Unnar.

2. flokkur karla Stóð sig vel á tímabilinu. Ekki náðist að klára Íslandsmótið né bikarkeppni hjá 2.fl.kk þetta árið og endaði A liðið í 5. sæti þegar mótið var blásið af og B liðið enduðu efstir og urðu Íslandsmeistarar. Ekkert varð af þátttöku í UEFA Youth league þetta árið en svo fór að Ísland fékk ekki lið í keppninni. Þjálfarar flokksins voru Elínbergur Sveinsson og Sigurður Jónsson

3. flokkur kvenna stóð sig vel á tímabilinu. Sameiginlegt lið ÍA og Skallagríms endaði í 4. sæti A-riðils. Þær áttu að fara erlendis í sumar í keppnisferð en ekkert varð úr því vegna Covid-19. Þjálfarar liðsins voru Aron Ýmir Pétursson og Björn Sólmar Valgeirsson.

3. flokkur karla stóð sig ágætlega á árinu. Sameiginlegt lið ÍA og Skallagríms endaði í 3. sæti B-riðils og B liðið og C lið enduðu í 1. sæti í sínum riðlum og komust í úrslitakeppni. Bæði B og C lið komust í úrslitaleik, en báðir leikir töpuðust. 3.fl.ka. fór með 3 lið til keppni á Rey Cup. Þjálfarar flokksins voru Fannar Berg Gunnólfsson og Sverrir Mar Smárasón

4. flokkur kvenna stóð sig mjög vel í sumar. Sameiginleg lið ÍA og Skallagríms endaði í 1. sæti C-riðils og komst í úrslitakeppni þar sem þær töpuðu fyrir KA í úrslitaleik. Þjálfari liðsins var Aldís Ylfa Heimisdóttir.

4. flokkur karla var með ágætán árangur í sumar. Strákarnir enduðu í 3. sæti B-riðils. B liðið endaði í 3. sæti í sínum riðli og C liðið endaði í 8. sæti í sínum riðli. 4.fl.ka. sendi 3 lið á Rey Cup. Þjálfarar flokksins voru Fannar Berg Gunnólfsson og Björn Sómar Valgeirsson.

5. flokkur kvenna Stelpurnar enduðu í 12. sæti í A-riðli og B liðið endaði í 9. sæti í sínum riðli. ÍA sendi 3 lið til keppni á TM mótið í Eyjum. Þjálfari flokksins var Aldís Ylfa Heimisdóttir.

5. flokkur karla var með viðunandi árangur á tímabilinu. Strákarnir enduðu í 12. sæti í A-riðli, B liðið endaði í 6. sæti í sínum riðli. C liðið endaði í 5. sæti í sínum riðli og komst í úrslitakeppni. Að lokum endaði D liðið í 6. sæti í sínum riðli. 5.fl.ka fór með 4 lið á N1 mótið og endaði B lið á að vinna sína keppni. Þjálfarar flokksins voru Arnór Snær Guðmundsson og Skarphéðinn

Magnússon.

Fyrir utan Íslandsmótið tóku yngri flokkarnir þátt í fjölda annarra minni móta. Árangur þeirra var ávallt með ágætum og krakkarnir lögðu sig fram og gerðu sitt allra besta. Er krökkunum og öllum sem að starfinu koma þakkað fyrir frábært samstarf.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda iðkenda í yngri flokkum árið 2020 hjá Knattspyrnufélagi ÍA:

	KK	KVK
2. flokkur	35	14
3. flokkur	45	19
4. flokkur	49	22
5. flokkur	41	20
6. flokkur	58	28
7. flokkur	56	29
8. flokkur	55	25
Samtals	339	157

Samtals 496 iðkendur.



Norðurálmótið 2020

Norðurálmótið er knattspyrnumót fyrir stráka í 7. flokki og var haldið í 35. sinn á Akranesi þetta árið.

Mótið í ár var haldið með mörgum ströngum reglum sem gefnar voru út af heilbrigðisráðaneytinu vegna Covid-19 ástandsins sem skók heimsbyggðina. En engu að síður tókst framkvæmd mótsins vel með frábæru fólki sem stóð á bakvið það og ekki skemmdi veðrið fyrir sem var með besta móti. Það voru rúmlega 1200 keppendur sem tóku þátt í mótinu og öttu kappi í knattspyrnu dagana 19.-21. júní.

Nýjung var prufukeyrð á þessu móti í ár sem fólst í því að á fimmtudeginum 18. júní var hraðmót fyrir 8. flokk stelpna og stráka. Það voru u.þ.b. 300 iðkendur sem tóku þátt í því og var mikil gleði þar við völd.

Mikill fjöldi fólks lagði leið sína á mótið þetta árið þrátt fyrir þær reglur sem voru í gildi á þessum tíma og má með sanni segja að það hafi gengið frekar vel að fylgja þeim reglum eftir. Svona mót er ekki hægt að halda nema með öllu því fólki sem leggur á sig mikla vinnu svo þetta fari sem best fram og svo má ekki gleyma þeim styrktaraðilum sem léku mikilvæg hlutverk í þessu öllu saman svo þetta myndi ganga sem allra best en fyrirtækið Norðurál er aðalstyrktaraðili mótsins eins og nafnið gefur til kynna. Norðurálmótið er knattspyrnumót fyrir stráka í 7. flokki og hefur það verið haldið á Akranesi um langt árabil. Mótið tókst mjög vel í sumar og var veðrið með ágætum sem skiptir miklu máli fyrir framkvæmd mótsins. Góð þátttaka var í mótinu en um 1500 keppendur öttu kappi í knattspyrnu helgina 8. - 10. júní og er talið að allt að 7000 gestir hafi sótt Akranes heim vegna mótsins. Knattspyrnufélag ÍA reiðir sig á mikinn fjölda sjálfboðaliða og almenna velvild bæjarbúa til að allt gangi upp við framkvæmd Norðurálmótsins enda er það stærsta fjáröflun félagsins ár hvert. Um 600 manns lögðu fram vinnu við Norðurálmótið 2019 þar á meðal iðkendur úr elstu flokkunum sem meðal annars sinntu dómgæslu. Einnig léku ýmsir styrktaraðilar Knattspyrnufélags ÍA mikilvæg hlutverk til að framkvæmdin gengi sem best en fyrirtækið Norðurál er aðalstyrktaraðili mótsins eins og nafnið gefur til kynna.



Stínubikarinn og Donnabikarinn

Stínubikarinn var afhentur í fyrsta sinn haustið 2015 á lokahófi yngri flokka og er hann farandbikar fyrir efnilegasta leikmann yngri flokka kvenna. Stínubikarinn 2020 fékk Dagbjört Líf Guðmundsdóttir en hún er 16 ára miðju- og varnamaður sem stóð sig vel með 3. flokki og 2. flokki kvenna.

Stínubikarinn er nefndur í höfuðið á Kristínu Aðalsteinsdóttur, Stínu, sem er fyrsta landsliðskona ÍA. Kristín var burðarás í liði ÍA í kringum 1980 og lék sinn fyrsta landsleik árið 1981 og alls 3 landsleiki á árunum 1981-1982. Stínubikarinn á að vera hvatning til ungra stelpna að stefna hátt og vinna sér sæti í meistaraflokki ÍA og landsliðinu eins og Stína gerði á sínum tíma. Gefandi bikarsins er fyrirtækið Þorgeir og Ellert hf.

Donnabikarinn var einnig afhentur efnilegasta leikmanni yngri flokka karla á lokahófi. Donnabikarinn var fyrst afhentur árið 1983. Donnabikarinn var gefinn af fjölskyldu Donna, sem hét fullu nafni Halldór Sigurbjörnsson, en hann var burðarás í fyrsta Gullaldarliði Skagamanna. Hann lék 110 leiki fyrir Skagamenn og skoraði 40 mörk, en einnig lék hann 8 landsleiki fyrir Íslands hönd.

Að þessu sinni hlaut Ólafur Haukur Arilíusson Donnabikarinn en hann er 16 ára miðju- og varnamaður. Hann spilaði að mestu með 3. flokki karla en tók þátt í leikjum með 2. flokk karla.

Meistaraflokkur karla



Meistaraflokkur karla lék í Pepsi Max deildinni sumarið 2020 og endaði í 8. sæti deildarinnar eftir vægast sagt skrítið tímabil sem var flautað af eftir 18 umferðir. Liðið spilaði oft á köflum virkilega góðan fótbolta og ungt lið Skagamanna er reynslunni ríkari eftir þetta tímabil og munu koma reyndara til leiks að ári í deild þeirra bestu.

Þjálfari liðsins er Jóhannes Karl Guðjónsson.

Meistaraflokkur karla lék samtals 29 formlega leiki á árinu, í fótbolta.net mótinu sem liðið vann, Lengjubíkar, Mjólkurbíkar og Pepsi Max deildinni.

Að meðaltali komu um 481 áhorfendi á heimaleiki meistaraflokks karla og samtals voru áhorfendur á heimaleikina sumarið 2020 um 4330 talsins. Covid-19 hafði mikil áhrif á aðsókn á leiki, ýmist í formi fjöldatakmarkana eða áhorfendabanns.

Meistaraflokkur kvenna



Meistaraflokkur kvenna spilaði í Lengjudeildinni sumarið 2020 og endaði í 8. sæti deildarinn. Liðið átti marga góða leiki í sumar og þetta unga lið ÍA mun koma sterkara til leiks að ári.

Þjálfarar liðsins voru Unnar Þór Garðarsson og Aron Ýmir Pétursson.

Meistaraflokkur kvenna lék samtals 26 leiki á árinu 2020, í Faxaflóamótinu, Lengjubikar, Mjólkurbikar og Lengjudeildinni. Covid-19 hafði mikil áhrif á aðsókn leikja og sumir leikir voru leiknir án áhorfenda.

Landsliðsverkefni

Fulltrúar Knattspyrnufélags ÍA í landsliðsverkefnum 2020

Stefán Teitur Þórðarson og Bjarki Steinn Bjarkason léku með U21 landsliði karla sem vann sér rétt til að leika í lokakeppni EM 2021.

Aníta Ólafsdóttir lék með U17 landsliði kvenna í vináttulandsleik.

Dómarar og dómgæsla

Á árinu 2020 störfuðu 17 dómarar fyrir Knattspyrnudómarafélag Akraness (KDA). Samtals dæmdi þessi hópur dómara hundruð leikja fyrir ÍA og KSÍ. ÍA á tíu dómara sem starfa í efstu deildum KSÍ. Þetta er milliríkjadómarinn Ívar Orri Kristjánsson og milliríkjaaðstoðardómarinn Egill Guðvarður Guðlaugsson og landsdómararnir Elvar Smári Arnarsson, Guðmundur Valgeirsson, Helgi Ólafsson, Helgi Sigurðsson, Jónas Geirsson Steinar Berg Sævarsson, Sveinn Þór Þorvaldsson og Þórður Már Gylfason. Alls eru 16 dómarar sem starfa fyrir KSÍ frá ÍA, þar af tveir eftirlitsmenn og þykir það mjög gott frá ekki stærra bæjarfélagi en Akranes er.

Ákveðin kynslóðaskipti eru í dómaramálum hjá KDA/ÍA og hafa nokkrir reynsluboltar lagt flautuna, flögginn og spjöldin á hilluna hjá KDA/ÍA og er þeim þakkað kærlega fyrir sín störf í þágu knattspyrnunnar í gegnum tíðina. Þar má nefna Jónas Geirsson, Halldór Breiðfjörð, Steinar Berg,



Guðmund Valgeirsson, Egill Guðvarð og Valgeir Valgeirsson. Þó munu einhverjir halda áfram að starfa fyrir KSÍ.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Heimasíða félagsins, fésbókarsíða, Instagram og Twitter eru mikilvægir miðlar til að koma upplýsingum um starfið til fjölmargra áhugasamra dag hvern. Stöðugt er unnið að því að gera betur við miðlun upplýsinga til stuðningsmanna og samfélagsins í heild en þróun á sviði upplýsingatækni og samfélagsmiðla er mjög ör og kröfur breytast sífellt.

Heimasíða félagsins www.ia.is/kfia/ hefur tekið breytingum og er lifandi vettvangur fyrir félagsmenn til að fylgjast með fréttum af liðum og leikmönnum félagsins.

Ný heimasíða Norðurlásmótsins <http://www.norduralsmot.is/> var sett í loftið 2019.

Styrktaraðilar

Alls eru þeir lögaðilar sem styrkja Knattspyrnufélag ÍA með ómetanlegum hætti um 100 talsins en þeir 16 stærstu eru eftirtaldir:

Akraneskaupstaður	Norðurál ehf.
Brim hf.	Margt Smátt
Safalinn ehf. (Errea)	HB Grandi hf.
Íslandsbanki hf.	Bónus
Verslunin Nína ehf.	Olíuverslun Íslands hf.
Höldur - Bílaleiga Akureyrar	Stay West / Ritari.is
Ölgerðin	Sterkir Skagamenn
ÞÞÞ	Club 71

Hópurinn Sterkir Skagamenn, sem stofnaður var vorið 2018, lagði félaginu til allar sínar tekjur en þeirra var aflað með árgjaldi. Sterkir Skagamenn hittast í fundarsalnum á Jarðarsbökkum fyrir heimaleiki til að spjalla og styðja liðið



Aðalfundur og viðurkenningar 2020

Aðalfundur Knattspyrnufélags ÍA var haldinn þann 18. febrúar 2020 og var um hefðbundin aðalfundarstörf að ræða.

Á aðalfundinum veitti Knattspyrnufélag ÍA eftirtöldum gullmerki og heiðursviðurkenningar félagsins:

Gullmerki:

Laufey Sigurðardóttir

Landsliðskona og leikaður ÍA á árabílinu 1991-1998 með 47 mörk í 97 leikjum í meistaraflokki. Lék 18 A landleiki fyrir Ísland.

Jón Alfreðsson

Fyrirliði Skagaliðsins á árabílinu 1966-1982 og einn leikjahæsti leikmaður þess með 365 leiki og 30 mörk. Lék einnig 4 landsleiki með A landsliði Íslands.

Heiðursviðurkenningar:

Helena Rut Steinsdóttir

Fyrir dygg störf í þágu kvennaknattspyrnunnar á Akranesi.

Kjartan Kjartansson

Einn dyggasti stuðningsmaður ÍA, var á spítala eftir slys, honum var þakkaður tryggur stuðningur við félagið og sendar kveðjur á sjúkrabeði

Að lokum

Þrátt fyrir að árið 2020 hafi verið þungt í skauti vegna Covid-19 heimsfaraldursins þá eru mörg jákvæð teikn á lofti fyrir knattspyrnuna á Akranesi. Staðan í rekstri Knattspyrnufélags ÍA er í góðu jafnvægi og allt starfið einkennist af metnaði og fagmennsku. Það eru líka afar jákvætt að Akraneskaupstaður hefur ákveðið að auka framlög til íþróttafélaga í bænum og að hefja byggingu íþróttahúss á Jaðarsbökkum þar sem verða m.a. búningssklefar og vinnuáðstaða fyrir Knattspyrnufélag ÍA. Framtíðin er því björt fyrir knattspyrnuna á Akranesi en áfram þarf úthald, samstöðu og þrautseigu til að ná settum markmiðum.

Eftir sjö ár sem formaður Knattspyrnufélags ÍA hefur undirritaður ákveðið að stíga til hliðar. Það hefur verið mikill heiður og ánægja að sinna starfi formanns félagsins og upp úr standa frábær kynni og samvinna við fjöldan allan af Skagamönnum með ÍA hjartað á réttum stað.

Knattspyrnufélag ÍA er magnaður klúbbur með mikla sögu sem sameinar Skagamenn nær og fjær.

Takk fyrir mig og áfram ÍA!

Magnús Guðmundsson,

fráfarandi formaður Knattspyrnufélags ÍA

Kraftlyftingafélag Akraness

Aðalfundur

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 04.03.2020 kl 18 . Kosið var í stjórn.

Málin voru rædd og spáð í komandi ári, talað var um að kaupa aftur peysur merktar félaginu og var formanni falið það mál.

Landsliðshópurinn okkar var lofsamaður og svo var fundi slitið, stutt og laggott eins og við viljum hafa það.

Formaður: Einar Örn Guðnason
Gjaldkeri: Lára Bogey Finnbogadóttir
Ritari: Eva Ösp Sæmundsdóttir
Meðstjórnendur: Svavar Örn Sigurðsson og Kristín Þórhallsdóttir
Varmenn:

Kraftlyftingamaður Akraness

Kristín Þórhallsdóttir var valin kraftlyftingamaður Akraness og varð hún fyrst kvenna til að hljóta þann titil. Kristín gerði sér lítið fyrir og vann síðan aðalkeppnina um íþróttamann Akraness og varð um leið fyrst í okkar röðum til að hljóta þann titil. Eftirfarandi texti er úr tilnefningu hennar.

Kristín hefur á árinu stimplað sig vel og vandlega á styrkleikalista Íslands í klassískum kraftlyftingum, hún setti 17 ný Íslandsmet og eftir árið standa 7 af þeim enþá. Árið var erfitt fyrir alla en náði hún þó að halda dampi í æfingum allt árið og uppskar hún eins og hún sáði og bætti sig um 72,5 kg í samanlögðu. Á árinu náði hún því magnaða afreki að verða fyrst íslenskra kvenna til að taka yfir 500 kg í samanlögðu og meira að segja gerði hún en betur og tók 510kg. Kristín er stigahæðsta klassíska kraftlyftingakona Íslands frá upphafi! Og er unga og aldna og er heldur betur vel að þessu komin.

Árangur á mótum

Íslandsmeistarar og bikarmeistarar:

Kristín Þórhallsdóttir

Íslandsmeistari í réttstöðulyftu í -84 kg flokki,

Íslandsmeistari í klassískum kraftlyftingum í -84kg flokki,

Íslandsmeistari í klassískum kraftlyftingum kvenna

Alexander Örn Kárasón

Íslandsmeistari í -93 kg flokki í klassískum kraftlyftingum

Helgi Arnar Jónsson

Íslandsmeistari í -83 kg flokki unglunga í klassískum kraftlyftingum og

Íslandsmeistari unglunga í klassískum

Annar árangur á árinu var ágætur og skiljum við sátt við árið.

Árið 2020

Árið 2020 var skrítið ár fyrir okkur sem og heimsbyggðina alla en með metnaði og þrautseigju komum við flest sterkari frá því en við fórum inn í það.

Covid setti strik í reikningin í mótahaldi bæði hérlandis og erlendis en þó náðist að halda einhver mót hér innanlands sem var þolanleg sárabót á þessum furðulegu farsóttartímum. Þó haldin hafi verið fá mót uppskar okkar fólk vel og greinilegt að æfingar voru stundaðar í bílskúrum og kjöllurum þrátt fyrir lokanir íþróttamannvirkja.

Eins og undanfarin ár glímum við við miður skemmtilegar lokanir á aðstöðu okkar yfir sumartímann og vorum við upp á aðra komin hvað varðar aðgang að æfingaraðstöðu okkar sem er að okkur finnst langt frá því að vera viðunandi. Við vonum að með komu fimleikahúss lengist opnunartíminn og hægt verði að halda húsinu opnu allt sumarið og þessar miklu lokanir heyri sögunni til.

Á árinu eignuðumst við íþróttamann Akraness í fyrsta skipti en hún Kristín Þórhallsdóttir hlaut titilinn eins og áður kom fram og var heldur betur vel að því komin. Nú höfum við á síðustu 10 árum náð að standa á öllum hlutum pallsins 1-3 sæti en í fyrsta sætið erum við komin og þar kunnum við vel við okkur, vonandi verðum við áfram þar að ári.

Eins og síðustu ár eigum við fólk í landsliðum Íslands í karlaflokki, kvennaflokki og unglingaflokki sem fyrir okkar litla félag er frábær árangur.

Félagar unnu til verðlauna á öllum mótum sem við kepptum á.

Í lok árs eru 57 iðkendur skráðir í félagið og eru þeir misvirkir eftir aðstæðum.

Körfuknattleiksfélag ÍA

Stjórn félagsins 2020:

Formaður:	Jón Þór Þórðarson (4. ár í stjórn)
Gjaldkeri:	Jónas H. Ottósson (4. ár í stjórn)
Ritari:	Hannibal Hauksson (9. ár í stjórn)
Meðstjórnendur:	Jón Orri Kristjánsson og Fannar Helgason (3. ár í stjórn)

Á aðalfundi félagsins í mars 2020 var stjórn félagsins endurkjörin: Jón Þór Þórðarson formaður, Jónas H. Ottósson gjaldkeri og Hannibal Hauksson ritari. Meðstjórnendur: Jón Orri Kristjánsson og Fannar Helgason.

Leiktiðin 2019 / 2020



Leiktiðina 19/20 lék meistaraflokkur karla í 2. deild karla og var Chaz Franklin endurráðinn sem spilandi þjálfari. Grunnurinn að leikmanna hópnum voru ungir heimastrákar en einnig bættust í hópinn 3 leikmenn á venslasamning, þeir Ingimundur Orri og Friðrik Anton frá Stjörnunni og Elías Björn frá Skallagrím. Með liðinu lék einnig Litháinn Edvinas Maslauskas sem býr og starfar á Akranesi.

Í bikarkeppninni féll liðið úr leik í 1. umferð eftir tap gegn Reyni Sandgerði. Í byrjun árs 2020 kom svo til liðsins annar bandaríkjamaður William Thompson að nafni og styrkti hann liðið mikið og einnig bættist í hópinn Guðjón Hlynur Sigurðarson frá Álftanesi. Liðið fór á góða siglingu og stefndi hratt upp töfluna. Um miðjan mars kom skellur þegar settvar á samkomubann vegna Covid-19 og skömmu seinna tók KKÍ þá ákvörðun að keppnistímabilinu 19/20 væri þar með lokið. Þegar þar var komið við sögu voru tveir leikir eftir af mótinu og átti liðið smá möguleika á því að komast í úrslitakeppnina.

Yngri flokkar

Alls voru starfandi 8 æfingahópar í yngriflokkunum fyrir stelpur og stráka í 1. - 10. bekk, samtals um 100 iðkendur á grunnskólaaldri að æfa körfubolta. Öll þjálfun yngriflokkanna voru í höndum Chaz Franklin og Jóns Þórs Þórðarsonar.



Gert var sérstakt átak í því að fá fleiri stelpur til að prófa að æfa körfubolta og boðið upp á sérstakar stelpuæfingar fyrir 4 - 6. bekk. Það gekk mjög vel og það voru um 20 nýjar stelpur sem byrjuðu að æfa. Í minnibolta 6 - 12 ára var farið á mörg opin minnibolta mót eins og í byrjun mars var allt klárt í að fara með samtals 12 ÍA lið á stóra Nettómótið í minnibolta, þar af 3 stelpulið. Í byrjun mars stóð til að spila 60 leiki í Reykjanesbæ á tveim dögum, en rétt fyrir brottför var mótið hins vegar blásið haf vegna Covid 19. Á Íslandsmótinu í minniboltavari ÍA með lið í minnibolta 11 ára sem stóðu sig mjög vel. Eldri hópar voru líka að standa sig mjög vel. 8. flokkur drengja (árg. '06) er stöðugt að færast nær því að vinna sér sæti í topp tíu. Strákarnir í 9. flokki (árg. '05) eru eitt af topp 5 liðunum í



sínum árgangi. 10. flokkur spilaði í 1. deild og var búinn að tryggja sér öruggt sæti í úrslitakeppninni þegar keppni var hætt í mars vegna Covid

19. Það var leiðinlegt að hápunktur tímabilsins skyldi detta út vegna Covid en við náðum þó góðri skorpu af æfingum í maí. Þar bar hæst að hinn sigursæli þjálfari Finnur Freyr Stefánsson kom í heimsókn til okkar, hann stýrði nokkrum æfingum og gaf góð ráð.

Akranesknattrakið og lokahóf yngri flokkanna var í byrjun júní. Þar skipta iðkendur með sér að drippla körfubolta hringinn í kringum Akranes. Krakkarnir safna í tengslum við það áheituð sem ganga uppí þátttökugjöld á mót næsta vetur. Söfnunin gekk vonum framur þannig að núna boðið öllum í minni boltanum á allavega eitt mót, að auki ættum við að eiga fyrir öllum þátttökugjöldum eldri hópa á

Íslandsmót næsta vetur.



Að koma saman er bannað - Saga Körfuknattleiksfélags ÍA



ÍA TV fór í apríl af stað með þáttaröðina “Að koma saman er bannað” og Körfuknattleiksfélag ÍA var með sinn þátt þar sem Jón Þór Þórðarson og Hannibal Hauksson fóru yfir sögu félagsins.

Körfuknattleiksfélagið, undir forystu Jóns Þórs, hefur verið að vinna í að sanka að sér heimildum og efni

varðandi sögu félagsins og er í bígerð að skrifa sögu félagsins og fara þeir Jóna Þór og Hannibal þar fremstir í flokki við komandi skrif. Vonandi getur það starf haldið áfram því árið 2021 verður félagið 35 ára auk þess sem 50 ár eru frá því að fyrsti opinberi keppnisleikur ÍA í körfuknattleik fór fram. Það eru því ákveðin tímamót í starfi félagsins og var farið lauslega yfir þessa sögu í þættinum, stiklað á stórum augnablikum og tengt við starf félagsins í en vonandi ná þeir félagar að klára ætlunarverkið og fyrsta bindi sögu KÍA verði að veruleika, þar sem farið verður dýpra í söguna. En þátturinn varð að veruleika og er hægt að nálgast þáttinn á YouTube ráð ÍA TV, vonandi um ókomna tíð.

Heiðranir

Á 76. ársþingi ÍA sem haldið var 8.júní 2020 var Brynjar Sigurðsson heiðraður með bandalagsmerki ÍA. Brynjar kom á Skagann haustið 1995 gagnert til að spila körfubolta og á að baki yfir 250 leiki í meistaraflokkimeð Körfuknattleiksfélagi ÍA. Binni eins og hann er gjarnan kallaður var valinn

Körfuknattleiksmaður Akraness árið 1999 og hann var þjálfari og leikmaður meistaraflokks KÍA sem sigraði 2. deildina árið 2009. Meðfram því að spila körfubolta var Brynjar einnig virkur í þjálfun allt frá minnibolta uppí meistaraflokk. Hann er þannig vel að því kominn að hljóta þennan heiður.



Körfuknattleiksmaður ársins 2019

Körfuknattleiksmaður ársins 2020 hjá ÍA var valinn Aron Elvar Dagsson. Aron Elvar sem er fæddur árið 2004 er mjög efnilegur leikmaður sem hefur jafnt og þétt verið að láta meira að sér kveða í meistaraflokks liði ÍA. Hann fór fyrir 10.flokks liði ÍA sem náði mjög eftirtektarverðum árangri á leiktiðinni, liðið vann sig inni úrslitakeppni sem því miður var blásin af vegna Covid 19. Aron var valinn í landsliðs Íslands í U15 var einnig valinn í æfingahóp fyrir U18. Aron Elvar er metnaðarfullur leikmaður sem leggur mikið á sig til að ná lengra og er hann vel að því kominn að vera körfuknattleiksmaður ársins 2020 hjá ÍA.

Úrvals- og afreksbúðir KKÍ



Úrvalsbúðir KKÍ fyrir 10 - 14 ára voru

í ágúst og að vanda fóru nokkrir iðkendum frá ÍA í þær búðir. KÍA áttir þrjá leikmenn í æfingahópum yngri landsliða. Aron Elvar Dagsson var í æfingahóp fyrir U16 drengja og Styrmir Jónasson og Þórður Freyr Jónsson voru í æfingahóp fyrir U15 drengja. Því miður voru ekki nein landsliðsverkefni yngri landslið á árinu 2020 vegna Covid 19. ÍA á mikið af efnilegum leikmönnum og framtíðin er björt.

Fjármál

Fjármál félagsins eru í jafnvægi og um 6 þúsund króna hagnaður var á árinu. Um áramót er félagið skuldlaust og eigið fé um 820 þúsund krónur. Félagið reiðir sig enn sem fyrr á styrki frá fyrirtækjum, auk æfingagjalda iðkenda og eigin

fjárafllanna. Stærstu styrktaraðilar KÍA á árinu voru Brim Seafood, Íslandsbanki, Landsbankinn, Galito, Gamla Kaupfélagið, Domino's, Askja og Þróttur ehf. Íþróttabandalag Akraness og Akraneskaupstaður gera einnig vel í því að styðja við barna- og unglingastarf íþróttafélaganna á Akranesi og nýtur Körfuknattleiksfélag ÍA svo sannarlega góðs af því. Við

þennan lista bætast svo fleiri fyrirtæki og einstaklinga sem studdu við bakið á félaginu með minni framlögum og kann félagið öllum stuðningsaðilum þess bestu þakkir fyrir.

Aðstöðumál

Körfuknattleiksfélag ÍA er með æfingar bæði á Jaðarsbökkum og í íþróttahúsinu við Vesturgötu. Jaðarsbakki er frábært æfingahús fyrir minnibolta og íþróttahúsið við Vesturgötu er frábært keppnishús í körfubolta. Það voru mikil vonbrigði að geta ekki leikið okkar heimaleiki í íþróttahúsinu við Vesturgötu leiktiðina 19/20 þar sem framkvæmdir við búningssklefa drógust úr hófi fram. Með tilkomu nýs fimleikahúss losnar um tíma í íþróttahúsinu við Vesturgötu og sér félagið fram á að geta þar fengið aukna tíma fyrir æfingar og keppni elstu hópanna. Félagið hefur óskað eftir því að þar verði sett upp tvö ný sett af körfubolta körfum (4 körfur) sem ná þvert yfir íþróttasalin, þannig væri hægt að skipta salnum í tvennt og æfa þannig og spila í hálfum sala og hálfum sal. Það skapar mikið hagræði og gefur möguleika á aukinni nýtingu. Þær körfur sem nú eru þvert í salnum eru rúmlega 30 ára gamlar og því alveg komin tími á endurnýjun.



Fleiri körfu á Vesturgötu gefa líka þann möguleika á að vera með stærri minniboltamót (12 ára og yngri) þar sem hægt væri að vera með 2 velli á Vesturgötu og 2 á Jaðarsbökkum.

Aðgengi að íþróttamannvirkjum

Í lok árs 2019 sendi KÍA formlega beiðni til Akraneskaupstaðar þar sem óskað var eftir því að eldri iðkendur félagsins fái að æfa á eigin ábyrgð í lausum tímum í íþróttamannvirkjunum. Síðan þá hafa verið gerð nokkur tilraunaverkefni með þetta sem öll hafa gengið vel. Það sem við erum að biðja um er að afmarkaður hópur okkar iðkenda 15 ára og eldri fái að æfa sig í körfubolta á eigin ábyrgð á skilgreindum tíma í íþróttasal og þá með skriflegu samþykki foreldra. Formaður KKÍ fór fyrir okkar hönd á fund í Menntamálaráðuneytinu til að fá álit á því að þetta rúmaðist innan regluverks ráðuneytisins. Nú stendur til að gera samræmdar reglur um aðgengi að íþróttamannvirkjum. Iðkendur KÍA vona að í nýjum samræmdum reglum verði bætt aðengi íþróttafólks að íþróttamannvirkjunum haft að leiðarljósi og meira jafnræðis gætt.

Lokaorð

Árið 2020 var sérkennilegt og einkenndist að miklu leyti af Corona vírusnum Covid19 og tók íþróttastarfið á sig hinar ýmsu myndir vegna þess fordæmalausar tíma sem var í gangi, ekki bara hér í samfélaginu heldur á heimsvísu. Þrátt fyrir að þetta hafi verið erfitt ár þá var það líka lærdómsríkt. Það kom áþreifanlega í ljós hversu stór þáttur íþróttir eru í daglegu lífi okkar og menningu. Það kom líka í ljós mikilvægi íþróttar í lífi barna- og unglinga og mikilvægi þess að halda því gangandi. Fjármál íþróttafélaga voru í brennidepli og talað opinskátt um það að íþróttir væru mikilvæg atvinnugrein sem þyrftir að hlúa að og styðja.

Starfsemi Körfuknattleiksfélags ÍA tók mið af þessu en kannski ekki eins mikið og hjá mörgum öðrum þar sem félagið er vant að lifa af litlu. Fókusinn var sem áður á þjálfun barna og unglinga þar sem verið er að byggja upp til framtíðar. Uppbyggingarstarf síðustu ára hefur gengið vel og búið að byggja upp góðan grunn af efnilegu körfuknattleiks iðkendum sem jafnframt eru öflugir félagsmenn. Félagið er nú á þeim stað að huga þarf að því að byggja upp afreksstarfið sem er mikilvægur þáttur í heildarmyndinni. Afreksstarfið er að mörgu leiti andilt okkar útávið, það er mest sýnilegt og virkar hvetjandi á yngriflokkastarfið. En efrekstarfið er kostnaðarsamt þar sem þar fer fram umfangsmeiri þjálfun og kröfur um faglega umgjörð er meiri. Verkefni framtíðar er að afla aukinna tekna til að geta byggt um afreksstarf sem stenst samanburð við aðra, þar þurfa allir að leggjast á árarnar og hafa allar klær úti. Nýta þarf tengslanet innan félagsins til að sækja aukna styrki frá fyrirtækjum og finna þarf leiðir í eigin Fáröflunum.

Nú líður að endurnýjun á starfssamningi Akraneskaupstaðar og ÍA og bindur KÍA vonir við að Akraneskaupstaður hækki þar verulega beina styrki til ÍA þannig að þeir séu sambærilegir og hjá þeim íþróttar- og sveitarfélögum sem við berum okkur saman við. Það krefst mikillar vinnu að halda uppi metnaðarfullu íþróttastarfi, vinnu sem er komin yfir mörk þess sem sjálfboðaliðar einir og sér geta staðið undir. Aukin Fjárfesting í íþróttastarfi er súrefni í íþróttastarfið, það léttir undir starfi sjálfboðaliða, eykur fölbreytni og tryggir að öll börn og unglingar fái tækifæri til að stunda íþróttir - óháð Fjárhag. Íþróttir er ein sterkasta ímynd bæjarins, það vantar ekkert uppá að okkar íþróttafólk efli hróður bæjarins. Áfram ÍA, áfram Akranes!



Sigurfari - Sjóportsfélag Akraness

Stjórn Sigurfara

Formaður:	Guðmundur Benediktsson
Ritari:	Geir Geirsson
Gjaldkeri:	Anna Guðrún Ahlbrecht
Meðstjórnendur:	Björn Óskar Andrússon og Sigríður H. Gunnarsdóttir

Árið 2020 var þriðja alvöru starfsár félagsins, og er þá talað út frá því að þetta var þriðja sumarið sem haldin voru skipulögð siglinganámskeið. Við bættum einni rós í hnappagatið með því að standa fyrir námskeiði fyrir fullorðna í samstarfi við siglingafélagið Brokey. Það samstarf hefur verið mjög gefandi fyrir okkur og þeim Brokeyingum verður seint fullpakkað fyrir þá velvild og gæsku sem þeir hafa sýnt okkur frá stofnun félagsins. Brokey er einmitt 50 ára í ár og rétt er að nota tækifærið og óska þeim til hamingju með hálfra aldar afmælið. Sigurfari á líka afmæli í ár en 3. mars n..k verða fimm ár frá því að félagið var stofnað, einmitt í þessum sal.



Síðasta sumar komu um 60 krakkar á siglinganámskeiðin auk fjögurra fullorðinna á námskeiðið sem fyrr var getið. Það er líka gleðilegur áfangi að þjálfararnir okkar voru allir heimamenn. Það má því segja að Sigurfari standi nú á eigin fótum, með frambærilegan bátaflota og þekkingu


á þjálfun. Á námskeiðunum höfum við lagt áherslu á réttan búnað og öryggi í sjóportinu. Einnig höfum við haft hugmyndafræði bláfánans í huga, sem miðar m.a. að verndun hafs og strandsvæða, með því að koma í land með ýmsan úrgang sem orðið hefur á vegi okkar

Það eru samt margir áfangar framundan. Félagið vantar t.d. eigin öryggisbát en þar höfum við notið liðsinnis Björgunarfélags Akraness sem hefur lánað okkur bát. BA eru hér færðar kærar þakkir fyrir þeirra liðsinni við starfseminu. Við erum líka farin að finna fyrir því að okkur vanti stærri seglbáta. Laser Pico bátarnir okkar eru góðir fyrir stálpaða unglinga en þegar ofar kemur væri hentugra að eiga t.d. bát eins og Sigurvon, sem notuð var á fullorðinsnámskeiðinu. Þetta eru meðal framtíðarmarkmiða félagsins.

Sigurfari hefur lagt sig fram um að taka þátt í öllum stærri viðburðum hér í bæ eins og sjómannadeginum, írskum dögum og við höfum fylgt keppendum í Helgasundinu. Árið 2020 var þó eins og það var, fordæmalaust, en kófinu mun létt. Við getum líka þakkað fyrir að hafa hitt þannig á kófið að við gátum haldið námskeiðin okkar nokkurn veginn án hindrana.



Faxaflóamót kjölbáta var haldið seinni hluta júnímánaðar, eins og verið hefur á



hverju ári og í framhaldi af því voru æfingabúðir Siglingasambands Íslands. Þetta eru þriðju slíku búðir sem haldnar eru hér frá 2015 og þar af tvennar eftir stofnun Sigurfara árið 2016. Þessir viðburðir hafa sett mikinn svip á strandlífið hér við Akranes og mun svo verða áfram.

Ög þá er það mál málanna. Starfsemi Sigurfara er nú þannig að ekkert er siglt og lítið starf fer fram yfir vetrarmánuðina. Vetrarríkið er samt ekki afsökun fyrir því og er sjálfsagt að benda á að félögin á höfuðborgarsvæðinu eru bæði að sigla og róa yfir veturinn. Í vetrarstillum er ekkert síðra að stunda kajakróður en á sumrin, og oft gefast góðir siglingadagar. Þar skiptir félagsaðstaðan öllu máli. Sumaraðstaðan okkar er viðunandi en á vetrum höfum við engin önnur tækifæri en að hafa flotann lokaðan inni í geymslum. Hafnarhúsið hentar okkur vel yfir sumartímann og er full ástæða til að þakka Faxaflóahöfnum fyrir að hýsa siglinganámskeiðin. Í vetur höfum við unnið að ítarlegri þarfagreiningu fyrir félagið þar sem horft er til langrar framtíðar. Fyrirmyndirnar eru aðstaða annarra félaga, bæði systurfélaga og uppbygging félaga innan ÍA. Staða okkar er ekkert sem er ástæða til að fella tár yfir, heldur horfum við til framtíðar með vongóðum augum því að góðir hlutir gerast hægt.

